



Ársskýrsla

KFUM og KFUK á Íslandi
Starfsárið 2017–2018





Inngangur formanns



Helgi Gíslason
formaður KFUM
og KFUK

Ágæta félagsfólk

Enn á ný lítum við yfir farinn veg. Þessi ársskýrsla inniheldur yfirlit yfir það sem gerst hefur á síðasta starfsári. Ársskýrsla KFUM og KFUK sýnir fjölbreytt félagsstarf en fyrst og fremst fjallar hún um ómetanlegt framlag fjölda sjálfboðaliða og starfsfólks félagsins.

Starf KFUM og KFUK á Íslandi er margbreytilegt. Kjarni þess er eftir sem áður starf meðal barna, unglunga og ungs fólks. Félagið starfar í að minnsta kosti fimmtán sveitarfélögum víðs vegar um landið og starfsfólk félagsins hefur aðsetur í fjórum þeirra. Þátttakendum, leiðtogum og starfsstöðum fjölga. Stærstu tíðindin eru að fjölgun í æskulýðsstarfinu er aðallega meðal unglunga. Það er bæði ánægjulegt og mikilvægt fyrir framtíð félagsins. Vonandi berum við gæfu til að byggja upp öflugt starf fyrir eldri unglunga og ungt fullorðið fólk þannig að þessi ný hópur finni áfram eitthvað við sitt hæfi í félagsstarfinu. Þar þarf ekki síst að vera vakandi fyrir nýjum tækifærum og að veita nýjum hugmyndum brautargengi.

Starf stjórnarinnar á síðasta starfsári hefur ekki síst beinst að framtíðaruppbyggingu á lóð félagsins við Holtaveg í Reykjavík. En við höfum líka velt fyrir okkur framboði á félagsstarfi fyrir fólk á ólíkum aldri þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi alla ævina á enda. Það er margt um að vera. Börn og

unglingar sækja vikulega fundi, dvelja í vikutíma í sumarbúðum og eldri unglingar taka þátt í leiðtogabjálfun og stíga fyrstu skrefin sem leiðtogar í vetrar- og sumarstarfi félagsins. Ungt fullorðið fólk starfar á vettvangi sumarbúðanna og vetraræskulýðsstarfsins. Fullorðið fólk á öllum aldri syngur í kórum, sækir bænastundir og reglulegar samverur, margir eru í stjórnnum starfsstöðva meðan aðrir undirbúa basar, taka þátt í Jól í skókassa eða sinna ýmsum viðhaldsverkefnum. Svona mætti lengi telja. Ef til vill eru fleiri tækifæri í félagsstarfinu sem við komum ekki auga á. Ég hvet því allt félagsfólk sem hefur góða hugmynd í pokahorninu að koma henni á framfæri eða óskar eftir að framkvæma sjálft. Við erum félag og ekkert gerist í félagi nema fyrir tilstuðlan okkar sjálfra.

Fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi vil ég færa öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstarfinu á liðnu starfsári þakkar og óska þeim blessunar Guðs. Markmið okkar er skýrt. Við höfum brýnt erindi við börn og ungt fólk í þessu landi með boðskapinn um kærleiksríkan Guð og frelsara. Verum samhuga í því verkefni.

Með góðri kveðju,

Helgi Gíslason
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

Efnisyfirlit

1.	Forysta KFUM og KFUK	6	10.	Vindáshlíð	31
2.	Æskulýðsstarf	10	11.	Vatnaskógur	34
3.	Fræðslustarf	16	12.	Ölver	40
4.	Fjölskyldu- og fullorðinsstarf	18	13.	Hólavatr	44
	Basar KFUK	21	14.	Kaldársel	47
	Karлакór KFUM	22	15.	KFUM og KFUK á Norðurlandi	50
5.	Leikjánaðmskeið	23	16.	KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum	52
6.	Alþjóðastarf	24	17.	KFUM og KFUK á Suðurnesjum	54
7.	Innlend samstarfsverkefni	26	18.	Vínagarður	56
8.	Útgáfu- og kynningarmál	28			
9.	Jól í skókassa	30			

Nafnið segir hver við erum

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna.

Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum.

Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists. Kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félagasamtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.

U


Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



Merkið undirstrikar markmiðið

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Príhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

119 ára æskulýðsfélag

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnun kristindómi.“



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni stofnanda KFUM og KFUK stendur við Lækjargötu í Reykjavík.

Fjölbreytni einkennir starfið

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum 5 sumarþúðir, höldum úti 30 æskulýðsdeildum víðsvegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vinagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk þriggja félagsheimila á landsbyggðinni.



Áhugaverðar þátttökutölur

Fjöldi þátttakenda, barna og unglinga í skipulögðu sumarstarfi	4.215	3,4% fjölgun milli ára
Fjöldi þátttakenda, barna og unglinga í skipulögðu vetrarstarfi	3.673	1,5% fjölgun milli ára
Samtals:	7.888	
Fjöldi skráðra félaga 18 ára og eldri	962	2,5% fjölgun milli ára

1. Forysta KFUM og KFUK

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 8. apríl 2017 á Holtavegi 28 í Reykjavík. Í upphafi fundar hafði sr. Elinborg Gísladóttir, prestur í Grindavík, hugvekju, þar sem hún m.a. þakkaði gott samstarf við KFUM og KFUK og jákvæð kynni sín af starfinu í Vatnaskógi. Þá voru þrír félagar heiðraðir fyrir áralöng störf í þágu KFUM og KFUK áður en haldið var til aðalfundarstarfa.

Fyrir fundinum lágu margar lagabreytingar. Nefnd á vegum stjórnar félagsins, skipuð þeim Gísla Davíð Karlssyni, Gyðu Karlsdóttur og Gunnari Þór Péturssyni, hafði lagt mikla vinnu í að yfirfara lög KFUM og KFUK og koma með tillögur um endurbætur. Eðlilega höfðu lagabreytingar því mikið vægi á fundinum. Lagabreytingarnar voru samþykktar og má nálgast uppfærð lög félagsins á www.kfum.is. Fundarstjóri var Viðar Helgason og fundarritarar þau Guðrún Nína Petersen og Magnús Pálsson.

Í stjórninni 2017–2018 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Helgi Gíslason, formaður
Sólveig Reynisdóttir, varaformaður
Karen Lind Ólafsdóttir, ritari
Dagný Bjarnhéðinsdóttir, vararitari
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri
Blær Elíasson, meðstjórnandi
Henry Þór Gränz, meðstjórnandi
Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, meðstjórnandi
Guðni Már Harðarson, varamaður
Guðrún Kristjánsdóttir, varamaður

Auk þess skiptir stjórnarfolk með sér að vera tengiliðir við stjórnir starfsstöðva félagsins:

Sólveig Reynisdóttir - Kaldársel
Karen Lind Ólafsdóttir - KFUM og KFUK á Suðurnesjum
Dagný Bjarnhéðinsdóttir - Vindáshlíð
Sveinn Valdimarsson - Ölver
Blær Elíasson - Vatnaskógur
Henry Þór Gränz - KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Salóme Jórunn Bernharðsdóttir - KFUM og KFUK á Akureyri og Hólavátn
Guðni Már Harðarson - Leikskólinn Vinagarður

Stjórnarfundir

Haldnir voru 13 stjórnarfundir á starfsárinu..

Málefni á borði stjórnar voru margvísleg, t.d.

Framtíðaruppbygging félagsins á Holtavegi 28
Breytingar og viðhald félagshússins Holtavegi 28
Aukin áhersla á ungleiðtögaþjálfun KFUM og KFUK
Stefnumörkun og gangur í æskulýðsstarfinu
Rekstur og fjármál
Alþjóðlegt samstarf á vegum KFUM og KFUK
Samfélags- og fullorðinsstarf félagsins



Stjórn KFUM og KFUK á starfsárinu 2017–2018: Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Sveinn Valdimarsson, Sólveig Reynisdóttir, Guðni Már Harðarson, Guðrún Kristjánsdóttir, Helgi Gíslason og Henry Þór Gränz. Á myndina vantar Blær Elíasson, Karen Lind Ólafsdóttur og Salóme Jórunn Bernharðsdóttir.

Verkefni hjá starfsstöðvum félagsins
Gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018
Starfsmannamál
Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK á Íslandi
Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur KFUM og KFUK á Íslandi.
Undirbúningur hátíðar vegna 150 ár eru liðin frá fæðingu sr. Friðriks Friðrikssonar

Ráð á vegum stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi

Tvö ráð voru virk á starfsárinu, alþjóðaráð og húsráð. Alþjóðaráð sinnir samskiptum við systurhreyfingar erlendis og skipuleggur þátttöku í viðburðum og mótum á erlendri grundu (sjá nánar kafla um alþjóðastarf). Húsráð heldur utan um framkvæmdir og viðhald aðalstöðva félagsins við Holtaveg.

Alþjóðaráð:

Sólveig Reynisdóttir, formaður
Anna Elísa Gunnarsdóttir
Dagrun Linda Barkardóttir
Gísli Stefánsson
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
Tinna Rós Steinsdóttir

Húsráð:

Henry Þór Gränz
Björn Þór Baldursson
Björgvin Hansson
Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson



Á aðalfundi 8. apríl 2017 voru þau Sigurður Pálsson, Betsy R. Halldórsson og Ásgeir B. Ellertsson heiðruð fyrir áralanga þjónustu við KFUM og KFUK. Frá hægri: Auður Pálsdóttir formaður KFUM og KFUK, Sigurður Pálsson, Betsy R. Halldórsson, Ásgeir B. Ellertsson, Sverrir Axelsson heiðursfélagi frá 2008 og Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK.

Þrír nýir heiðursfélagar

Á aðalfundi 8. apríl 2017 voru þau Sigurður Pálsson, Betsy R. Halldórsson og Ásgeir B. Ellertsson heiðruð fyrir áralanga þjónustu við KFUM og KFUK. Aðrir heiðursfélagar eru Emílija Ósk Guðjónsdóttir, Guðmundur Ómar Guðmundsson, Helga K. Friðriksdóttir og Sverrir Axelsson. Einn heiðursfélagi Kristín M. Möller kvaddi á starfsárinu.

Hátíðar- og inntökufundur

Á hverju ári eru nýir félagar í KFUM og KFUK boðnir velkomnir í félagið á sérstökum hátíðar- og inntökufundi sem að þessu sinni fór fram 15. febrúar 2018 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Á þessu starfsári gengu 22 nýir félagar til liðs við félagið.

Dagskrá fundarins var í senn hátíðleg og skemmtileg, undir öruggri fundarstjórn sr. Guðna Más Harðarsonar. Upphafsorð hafði Guðrún Kristjánsdóttir og Jóhanna Elísa Skúladóttir söng fyrir gesti. Hugvekju flutti Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir. Helgi Gíslason formaður bauð nýja félaga velkomna með hefðbundnum og hátíðlegum hætti. Hátíðarfundurinn var að vanda veislufundur með veglegum kvöldverði. Umsjón með fundinum var alfarið í höndum stjórnar félagsins.



Nýrri hluti aðalstöðva félagsins var tekinn í notkun árið 1994. Á starfsárinu var unnið að viðhaldi utanhúss og breytingum innanhúss.

Félagshúsið Holtavegi 28

Aðalstöðvar félagsins á Holtavegi 28 eru tvö hús, tengd saman með tengibyggingu sem jafnframt er andyni að báðum hlutum. Eldra húsið var byggt 1952 og gegndi hlutverki félagsheimilis til ársins 1986 er því var breytt í skrifstofu og fundaraðstöðu fyrir félagið. Í beinu framhaldi var nýrri hlutinn byggður sem félagsheimili og tekinn í notkun árið 1994.

Eldri hlutinn er ónýtur

Eldri hluti aðalstöðva félagsins við Holtaveg 28, skrifstofuhúsnæði félagsins, hefur verið dæmdur ónýtur. Á árinu 2015 greindist myglusveppur á nokkrum stöðum í þeim hluta hússins. Í kjölfarið var skrifstofa félagsins flutt yfir í félagsheimilið til bráðabirgða. Húsið hefur staðið óhreyft á starfsárinu. Það verður rífið þegar búið er að taka ákvörðun hvað verður byggt í staðinn.

Nýrri hlutinn - félagsheimilið

Á árinu var farið í viðgerðir og viðhald á gluggum félagsheimilsins. Þá var einnig farið í múrviðgerðir. Þann 8. og 9. september kom hópur sjálfboðaliða og byrjað að mála húsið að utan. Ekki tókst að klára málningarvinnu fyrir veturinn og verður því haldið áfram sumarið 2018.



Eldri hluti aðalstöðva félagsins hefur verið dæmdur ónýtur vegna myglusvepps. Húsið hefur staðið ónotað á starfsárinu, en verður rífið þegar búið er að ákveða hvað verður byggt í staðinn fyrir það.



Gluggarnir á aðalstöðvum félagsins voru víða illa farnir. Á starfsárinu voru þeir lagaðir og endurnýjaðir eftir þörfum. Á myndinni má sjá Björn Þór Baldursson smið að störfum.

Innanhúss var sett upp kerfisloft í salinn á neðri hæðinni þar sem leikskólinn hefur aðsetur. Það var gert til þess að bæta hljóðvist sem var óviðunandi.

Breytingar innandyrna

Á starfsárinu var einnig hafist handa við breytingar á skipulagi aðalhæðar til að fjölga fundarýmum og skapa betri starfsaðstöðu, bæði fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða. Parketið á félagsheimilnu var slípað og lakkað. Salnum hefur verið skipt í tvennt með fellivegg. Salurinn er nýttur vel flesta daga vikunnar, fyrir fundi, kóræfingar og fleiri viðburði. Eftir breytingar dugar annar helmingurinn af salnum vel fyrir þá viðburði og hinn helmingurinn stendur því til boða fyrir önnur verkefni. Fundarherbergi, fyrir allt að 10-12 manna nefnda- og stjórnarfundi, er nánast tilbúið í suð-vesturenda kaffiteriunnar.

Framundan er að gera kaffiteriuna hlýlegri og meira aðlaðandi í takti við nútíma kaffihús.

Þá verður kennslustofunni, sem hýst hefur starfsfólk félagsins, breytt svo það þjóni betur hlutverki sínu sem opið skrifstofurými. Samhliða því verður afgreiðslan lagfærð.

Framtíðaruppbygging á lóð félagsins

Umræður hvernig bregðast skuli við ónýta húsinu hafa fengið góðan tíma. Um er að ræða stórar ákvarðanir sem lúta ekki aðeins að því að byggja nýtt hús, heldur einnig hvernig skuli fjármagna þá framkvæmd, þörf félagsins fyrir nýtt hús og mikilvægi þess að hafa tekjur til að reka þá fermetra til framtíðar.



Á starfsárinu var farið í múrviðgerðir á aðalstöðvunum. Þá byrjuðu sjálfboðaliðar að mála húsið haustið 2017, en því verður haldið áfram sumarið 2018.

Umræðurnar hafa leitt okkur út á þá braut að skoða hvort nýta megi betur lóðina á Holtavegi 28. Sú hugmynd sem unnið hefur verið með á starfsárinu snýst um að fá að nýta hluta lóðarinnar undir íbúðir sem yrðu seldar og með því náð að fjármagna byggingu á nýju húsi í stað þess sem þarf að rífa. Þá er horft til þess að nýtt hús yrði nýtt 30–50% beint fyrir félagið en 50–70% undir tekjuberandi starfsemi á vegum þess, t.d. með ungmennahosteli og jafnvel frístundaheimili að hluta. Með því væri samhliða verið að styrkja tekjugrunn félagsins og stuðla að sjálfbærni í rekstri húsakosta á Holtavegi. Forysta félagsins hefur kynnt skipulagsyfirlöndum í Reykjavík hugmyndir sínar og á í viðræðum við borgaryfirvöld um breytingar og uppfærslu á lóðasamningi.

Um nokkurt skeið hafa legið frammi hugmyndir um að stækka leikskólann Vinagarð. Reykjavíkurborg hefur óskað eftir að kaupa fleiri pláss sem hefur ýtt við umræðunni. Hangir sú umræða saman við framtíðaráform um nýtingu lóðar félagsins.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Aarhus í Danmörku 26. og 27. janúar 2018. Helgi Gíslason og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands. Tómas sótti einnig árlegan fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu, sem haldinn var í Kassel í Þýskalandi 2.–4. október 2017.

Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri, Próstur Árni Gunnarsson, fjármálastjóri, Klara V. Þórhallsdóttir sem sér um bókhald og rekstur, Bylgja Dís Gunnarsdóttir, þjónustufulltrúi, Hjördís



Unnið er að breytingum innandyrna, til að bæta starfsaðstöðu bæði fyrir sjálfbóðaliða og starfsmenn félagsins.



Á starfsárinu var kerfisloft sett í salinn á neðri hæðinni sem leikskólinn hefur til afnota. Það var gert til þess að bæta hljóðvist sem var óviðunandi.

Rós Jónsdóttir, æskulýðsfulltrúi og verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, æskulýðsfulltrúi, Gunnar Hrafn Sveinsson, æskulýðsfulltrúi, Óskar Birgisson, æskulýðsfulltrúi og svæðisfulltrúi á Suðurnesjum, Eydis Ösp Eypórsdóttir, æskulýðsfulltrúi og svæðisfulltrúi á Norðurlandi. Þá er Gisli Stefánsson í 15% starfi með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2017 var Markús Bjarnason. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar.

Nokkrir starfsmenn sinntu hlutastörfum á æskulýðssviði veturinn 2017–2018 og leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir. Matthías Guðmundsson er í 20% starfi við að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Akranesarkirkju, Heiðar Örn Hönnuson í 10% starfi að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Njarðvíkursókn og þau Tinna Dögg Birgisdóttir og Þráinn Andreusson eru í 20% starfi á vormisseri 2018 að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Hveragerðisarkirkju.

Á starfsárinu urðu breytingar í starfsmannahópi á æskulýðssviði KFUM og KFUK. Eydis Ösp Eypórsdóttir tók við starfi æskulýðs- og svæðisfulltrúa KFUM og KFUK á Norðurlandi, en Jóhann H. Þorsteinsson lét af störfum í ágúst 2017 eftir 9 ára starf. Óskar Birgisson tók við starfi æskulýðs- og svæðisfulltrúa á Suðurnesjum, en Unnur Ýr Kristinsdóttir lét af störfum í september 2017. Í Reykjavík kom Hjördis Rós Jónsdóttir aftur til starfa eftir barnsburðarleyfi. Hún er m.a. verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar félagsins. Þá bættist Gunnar Hrafn Sveinsson í hópinn, en Arnar Ragnarsson lét af störfum sem æskulýðsfulltrúi sl. sumar.



Umræðurnar, hvernig félagið eigi að bregðast við því að vera með ónýtt hús, hafa leitt okkur út á þá braut að skoða hvort nýta megi betur lóðina á Holtavegi 28. Hugmyndin sem helst hefur verið rædd felst í að nýta hluta hennar undir íbúðahús og nota arðinn af þeirri framkvæmd til að fjármagna nýtt hús í stað þess sem verður að rífa. Hugmyndin hér að ofan var gerð af Arkþing arkitektum, en hún fæli í sér flutning og stækkun á leikskólanum innan lóðarinnar og byggingu 48–56 íbúða í fjórum þriggja hæða klasahúsum neðst á lóðinni.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég kynntist KFUM og KFUK þegar ég var 11 ára gömul og má segja að þar með hafi ekki verið aftur snúið. Ég er búin að vera innan félagsins síðan þá, fyrst sem þátttakandi í starfi og seinna sem leiðtogi.

Ég hef starfað í sumarbúðum KFUM og KFUK síðastliðin 7 sumur og hef fengið að bregða mér þar í alls konar hlutverk. Ég hef einnig fengið að taka þátt í alls konar skemmtilegum verkefnum og ferðum innan félagsins. Á þessum frábæru árum hef ég upplifað ansi margt skemmtilegt, ég hef kynnst mörgum af mínum bestu vinum og öll þessi reynsla og öll þau tækifæri sem ég hef fengið hafa virkilega mótað mig og gert mig að miklu leyti að þeirri manneskju sem ég er í dag. KFUM og KFUK er ótrúlega flott félag sem ég er mjög stolt yfir að geta sagst tilheyrja. En félagið hefur verið mér svo ótrúlega mikið meira en það. Það hefur til dæmis verið mér gríðastaður, endalaus uppspretta tækifæra og vettvangur til þess að fá að koma og vera ég sjálf. Svo hvers virði er KFUM og KFUK mér? Ótrúlega mikils virði.

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir



2. Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða ungu fólki að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fær ungt fólk tækifæri til að vaxa í vitund um sjálf sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af sjálfbærleikum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2017-2018

Veturinn 2017-2018 voru starfræktar 30 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af 114 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára og hefur hluti af þeirra bjálfun farið fram í deildastarfinu. Starfið í vetur var afar blómlegt og auk vikulegra samverustunda var boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir þátttakendur.

Viðburðir og verkefni í æskulýðsstarfinu

Hæfileikasýning yngri deilda

Hæfileikasýning yngri deilda fór fram miðvikudaginn 1. nóember í Reykjanesbæ. Óskar Birgisson æskulýðsfulltrúi hélt utan um sýninguna með góðri aðstoð frá leiðtogum á Suðurnesjum. Hæfileikasýningin tókst vel til og um 70 börn lögðu sitt af mörkum á sýningunni. Það er greinilegt að KFUM og KFUK er ríkt af hæfileikaríkum börnum.

Miðnæturiþróttamót unglíngadeilda

Miðnæturiþróttamót unglíngadeilda KFUM og KFUK er orðinn fastur liður í starfi félagsins. Í ár var mótið haldið í Vatnaskógi dagana 13.-14. október. Rúmlega 120 manns mættu á mótið og skemmtu sér langt fram eftir nóttu. Dagskráin var ekki af verri endanum og gátu þátttakendur tekið þátt í ýmsum leikjum og keppnum. Haldin voru fótboltamót, borðtennismót, þythokkímót, blakmót, billiardmót, fútbólballmót og spurningakeppni UD. Einnig voru allskonar partyleikir, spilahorn, brjóstsykursgerð, hoppukastalar og heitir pottar að ógleymdri Vatnaskógarkvöldvökunni. Þátttakendur voru þreyttir en afar sáttrir þegar þeir héldu heim á leið. Viðburðurinn er orðinn órjúfanlegur þáttur í starfi unglíngadeilda KFUM og KFUK og stækkar með hverju ári. Mótið styrkir samböndin milli deildanna og í senn eflir líkamann, sálina og andann. Mótsstjóri í ár var Gunnar Hrafn Sveinsson æskulýðsfulltrúi.

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2017–2018 í samanburði við 2016–2017.

	Fjöldi deilda 2016-2017	Fjöldi þátttakenda 2016-2017	Fjöldi deilda 2017-2018	Fjöldi þátttakenda 2017-2018
Vínadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452
Samtals	28	966	30	1013

Jól í skókassa

Líkt og fyrr ár hefur verkefnið Jól í skókassa fengið sérstaka umfjöllun í deildarstarfinu. Deildirnar hafa haldið sérstakan Jól í skókassa fund þar sem börnin fá að heyra um verkefnið, fræðast um Úkraínu og hafa svo útbúið skókassa í kjölfarið. Nánar má lesa um verkefnið Jól í skókassa í kafla 7 í ársskýrslunni.

Æskulýðsmótið Friðrik

Æskulýðsmótið Friðrik var haldið í Vatnaskógi helgina 9.-11. febrúar 2018. Þangað mættu 130 manns, leiðtogar sem og unglingar í 8.-10. bekk. Mótssjóri í ár var Gunnar Hrafn Sveinsson æskulýðsfulltrúi sem stýrði mótnu af stakri þrýði ásamt frábærum leiðtogum KFUM og KFUK. Í ár er 150 ára afmæli stofnanda KFUM og KFUK, sr. Friðriks Friðrikssonar og því var öllu til tjaldað. Ráðnir voru skemmtikraftar fyrir ballið á laugardeginum. Fyrst voru JóiPé og Króli ráðnir en þeir þurftu að afbóka sig. Úlfur Úlfur kom þá til bjargar en að lokum fór svo að aðstoðarleiðtoginn og plötusnúðurinn Dj Ljómi var sá eini sem hélt uppi stuðinu vegna þess að skemmtikraftarnir voru fastir í höfuðborginni vegna veðurs. Eigi skánaði veðrið á brottfarardegi og ljóst var að hópurinn þyrfti að dvelja þriðju nóttina í Skóginum fagra. Þrátt fyrir seinkun á heimferð voru flestir þátttakendur jákvæðir og glaðir, enda var þeim ljóst að enginn yrði skólinn daginn eftir. Nóg var af mat og dagskrárlíðum og þykir líklegt að þessi ferð eigi eftir að vera lengi í minnum höfð. Enda ekki á hverjum degi sem fólk verður veðurteppt í Vatnaskógi eins og visir.is og mbl.is greindu

frá í fréttum þennan eftirminnilega sunnudag. Starfsfólk Vatnaskógar, rútufyrirtækið Ingi hópferðir, grófumennirnir úr sveitinni (sem ruddu leiðina úr Vatnaskógi), Veðurstofa Íslands og Vegagerðin eiga hrós skilið fyrir sitt framlag þessa helgi. Ekki má gleyma öllum þeim frábæru leiðtogum sem komu að mótnu. Það kom bersýnilega í ljós þessa helgi hvað KFUM og KFUK er ríkt af frábærum leiðtogum. Þetta mót hefði aldrei gengið upp ef ekki hefði verið fyrir jákvætt hugarfar allra sem að því komu.



Yfirlit yfir félagsdeildir, forstöðufólk og leiðtoga, veturinn 2017–2018

YD KFUM og KFUK Akranes

Matthías Guðmundsson – Forstöðumaður
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Akranes

Matthías Guðmundsson – Forstöðumaður
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 62
Þátttakendur á vorönn: 15

Leikjafjör KFUK Akureyri

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Bára Dís Sigmarsdóttir
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Margrét Ída Ólafsdóttir
Telma Guðmundsdóttir
Aldís Lilja Sigurðardóttir
Eva Líney Reykdal
Þóra Kolbrún Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 78
Þátttakendur á vorönn: 78

Leikjafjör KFUM Akureyri

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Bára Dís Sigmarsdóttir
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Margrét Ída Ólafsdóttir
Telma Guðmundsdóttir
Aldís Lilja Sigurðardóttir
Eva Líney Reykdal
Þóra Kolbrún Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 31
Þátttakendur á vorönn: 31

UD KFUM og KFUK Akureyri/ UD Glerá

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Bára Dís Sigmarsdóttir
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Margrét Ída Ólafsdóttir
Telma Guðmundsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 24
Þátttakendur á vorönn: 24

Leikjafjör KFUM og KFUK í Dalvíkurkirkju

Eydís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona
Bára Dís Sigmarsdóttir
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Margrét Ída Ólafsdóttir
Telma Guðmundsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 28
Þátttakendur á vorönn: 28

VD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir -
Forstöðukona
Pétur Ragnhildarson - Forstöðumaður
Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
Helga Kristinsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 34
Þátttakendur á vorönn: 34

Leikjafjör KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
- Forstöðukona
Pétur Ragnhildarson - Forstöðumaður
Pálína Agnes Baldursdóttir
Ásthildur Ben Davíðsdóttir
Bjarkey Rúna Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 42
Þátttakendur á vorönn: 42

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
- Forstöðukona
Pétur Ragnhildarson - Forstöðumaður
Kristín Gyða Guðmundsdóttir
Pálína Agnes Baldursdóttir
Þátttakendur á haustönn: 45
Þátttakendur á vorönn: 45

VD KFUM og KFUK í Grindavík

Óskar Birgisson – Forstöðumaður
Aleksander Jan Strazalka
Aníta Ósk Arnardóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 27

YD KFUM og KFUK í Grindavík

Óskar Birgisson – Forstöðumaður
Haukur Arnórsson
Herborg Agnes Jóhannesdóttir
Kleópatra Árnadóttir
Pétur Bjarni Sigurðarson
Aleksander Jan Strazalka
Aníta Ósk Arnardóttir
Elín Ósk Kristjánsdóttir
Kristinn Vilberg Jóhannesson
Þátttakendur á haustönn: 52
Þátttakendur á vorönn: 27

UD KFUM og KFUK í Grindavík

Óskar Birgisson – Forstöðumaður
Gná Elíasdóttir
Haukur Arnórsson
Herborg Agnes Jóhannesdóttir
Kleópatra Árnadóttir
Pétur Bjarni Sigurðarson
Þátttakendur á haustönn: 60
Þátttakendur á vorönn: 47

YD KFUM og KFUK í Hveragerði

Tinna Dögg Birgisdóttir – Forstöðukona
Birta Lind Guðmundsdóttir
Ríkharður Esterarson
Þráinn Andreusson
Andrea Sjöfn Heimisdóttir
Hanna Tara Björnsdóttir
Þátttakendur á vorönn: 18

UD KFUM og KFUK í Hveragerði

Tinna Dögg Birgisdóttir – Forstöðukona
Birta Lind Guðmundsdóttir
Ríkharður Esterarson
Þráinn Andreusson
Þátttakendur á vorönn: 31

YD KFUM og KFUK í Innri Njarðvík

Heiðar Örn Hönnuson - Forstöðumaður
Blær Elíasson
Guðbjörg Telma Þorvaldsdóttir
Þórunn Kolbrún Árnadóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

VD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Brynja Eiríksdóttir – Forstöðukona

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir

Aníta Ósk Arnardóttir

Þátttakendur á haustönn: 35

Þátttakendur á vorönn: 35

YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – Forstöðumaður

Adam Sveinsson

Ólafur Þór Gunnarsson

Ragnar Snær Sigurðsson

Þátttakendur á haustönn: 22

Þátttakendur á vorönn: 22

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – Forstöðukona

Elín Pálsdóttir

Birta Rún Benediktssdóttir

Eliza Liv Taylor

Eva María Thorarensen

Helga Sveinsdóttir

Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir

Þátttakendur á haustönn: 73

Þátttakendur á vorönn: 73

UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir

– Forstöðukona

Alma Rún Jensdóttir

Birta Rún Benediktssdóttir

Einar Sæþór Ólason

Óli Þór Örlýgsson

Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir

Þátttakendur á haustönn: 35

Þátttakendur á vorönn: 35

UD KFUM og KFUK í Kópavogskirkju

Gríma Katrín Ólafsdóttir – Forstöðukona

Mirra Kristín Ólafsdóttir

Ástráður Sigurðsson

Fannar Logi Hannesson

Kristinn Snær Sigurðsson

Þátttakendur á haustönn: 42

Þátttakendur á vorönn: 42

YD KFUM í Lindakirkju

Arnar Ragnarsson – Forstöðumaður

Róbert Ingi Þorsteinsson

Þátttakendur á haustönn: 25

Þátttakendur á vorönn: 25

**YD KFUK í Lindakirkju**

Arnar Ragnarsson – Forstöðumaður

Agnes Björk Brynjarsdóttir

Briët Eva Gísladóttir

Nanna Guðrún Sigurðardóttir

Þátttakendur á haustönn: 20

Þátttakendur á vorönn: 20

Lindubuff - UD KFUM og KFUK í Lindakirkju

Arnar Ragnarsson – Forstöðumaður

Hákon Arnar Jónsson

Perla Magnúsdóttir

Þátttakendur á haustönn: 50

Þátttakendur á vorönn: 50

Leikjafjör KFUM og KFUK í Ólafsfjarðarkirkju

Eyðís Ösp Eypórsdóttir – Forstöðukona

Bára Dís Sigmarsdóttir

Guðlaug Sigríður Hrafnssdóttir

Guðlaugur Sveinn Hrafnsson

Margrét Ída Ólafsdóttir

Telma Guðmundsdóttir

Þátttakendur á haustönn: 14

Þátttakendur á vorönn: 14

VD KFUM og KFUK í Seljakirkju

Steinunn Anna Baldvinsdóttir – Forstöðukona

Eygló Anna Ottesen Guðlaugsdóttir

Þátttakendur á haustönn: 8

Þátttakendur á vorönn: 8

YD KFUM og KFUK í Seljakirkju

Steinunn Anna Baldvinsdóttir – Forstöðukona

Eygló Anna Ottesen Guðlaugsdóttir

Hákon Darri Egilsson

Þátttakendur á haustönn: 16

Þátttakendur á vorönn: 16

Sela - UD KFUM og KFUK í Seljakirkju

Gunnar Hrafn Sveinsson – Forstöðumaður

Sandra Björk Jónasdóttir

Andrea Rut Halldórsdóttir (vor)

Ísak Jón Einarsson (vor)

Jóel Kristjánsson (haust)

Salóme Pálsdóttir

Sigmundur Freyr Hafþórsson (haust)

Þátttakendur á haustönn: 60

Þátttakendur á vorönn: 10

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Gísli Stefánsson – Forstöðumaður

Ásgeir Þór Þorvaldsson

Bára Viðarsdóttir

Gabríel Guðmundsson

Ísabella Ýr Héðinsdóttir

Rósa Kristín Friðriksdóttir

Sandra Dögg Valgeirsdóttir

Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir

Sigurlás Hafsteinsson

Snorri Rúnarsson

Trausti Mar Sigurðarson

Veigar Máni Vattnes Sævarsson

Þátttakendur á haustönn: 25

Þátttakendur á vorönn: 20

Vindáshlíðardeild

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir

– Forstöðukona

Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir

Þátttakendur á haustönn: 9

Þátttakendur á vorönn: 12

Ölversdeild

Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir

– Forstöðukona

Gríma Katrín Ólafsdóttir

Jóhanna Elísa Skúladóttir

Þátttakendur á haustönn: 6



Tæplega 300 manns tóku þátt í kvöldvöku sumarþúða KFUM og KFUK, sem fram fór 18. ágúst 2017.



Miðnæturiþróttamót unglíngadeilda KFUM og KFUK er orðinn fastur liður í starfi félagsins. Mótið var haldið í Vatnaskógi dagana 13.-14. október. Rúmlega 120 manns mættu á mótið og skemmtu sér langt fram eftir nóttu.

Karnival yngri deilda

Laugardaginn 3. febrúar var haldin Karníval hátíð fyrir krakkana í yngri deildum félagsins. Er þetta í fjórða skipti sem þessi hátíð er haldin og tókst vel til í þetta skipti. Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir hélt utan um viðburðinn en fékk til liðs við sig leiðtoga úr starfinu. Um 70 börn tóku þátt í viðburðinum sem var haldinn í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Boðið var upp á ýmsa skemmtilega leiki og stöðvar og skemmtu börnin sér konunglega.

Vorferð yngri deilda 2017

Dagana 31. mars til 1. apríl 2017 var öllum krökkum í yngri deildum KFUM og KFUK boðið að taka þátt í vorferð yngri deilda í Vatnaskóg þar sem gíst var eina nótt. Um 120 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Keflavík, Kópavogi, Hveragerði, Grindavík og Njarðvík tóku þátt í vel heppnuðu mótinu. Dagskráin var ekki af verri endanum en boðið var meðal annars upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunstund og ævintýraratleik. Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir var mótsstjóri og sá um undirbúning ásamt Unni Ýri Kristinsdóttur. Nú þegar er byrjað að auglýsa og skrá í vorferð yngri deilda vorið 2018 en hún verður farin í Vatnaskóg dagana 18.-19. apríl.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Fyrir mér er KFUM og KFUK ómetanlegt. Þar sem ég er þriðju kynslóðar KFUM-ari í báða leggi má segja að félagið og gildi þess hafi verið stór þáttur í uppeldinu og mótað mig í þann mann sem ég er í dag.

En mín fyrstu almennt kynni af starfi KFUM og KFUK voru þegar ég mætti í dvalarflokk í Kaldársel sjö ára gamall. Þar hafði ég svo gaman og varð svo hrifinn af starfinu að ég hef mætt í sumarþúðir, sem þátttakandi og leiðbeinandi, öll sumur síðan.

Í félaginu finnur maður ótrúlegan félagsskap. Þar hef ég eignast mína bestu vini sem vilja allt fyrir mann gera en jafnframt hef ég hitt ókunnugt fólk sem er alveg jafn ákveðið í að veita manni liðstyrk. Hvort sem maður er á vikulegum fundi í safnaðarheimili út í bæ, í sumarþúðum, eða á alþjóðlegu móti þá finnur maður alltaf fyrir þessum mikla náungakærleik.

Síðustu sumur hef ég dvalið mest í Vatnaskógi og í vetur hef ég unnið með öðrum við að byggja upp KFUM og KFUK deildir á Akranesi. Þetta starf er frábær vettvangur til að dreifa boðskap Jesú, ekki bara í orðum heldur einnig í gjörðum. Þetta tækifæri til að breiða út fagnaðarerindið er ég afar þakklátur fyrir og ég vona að ég fái að halda því áfram.



Matthías Guðmundsson

Norrænt mót í Vestmannaeyjum – Feel the nature

Dagana 13.-18. júlí 2017 var norræna mótið Feel the nature haldið í Vestmannaeyjum. Mótið var skipulagt af Nordic Children and Youth Committee (NCYC) en fulltrúar Íslands í þeirri nefnd voru þeir Gísli Stefánsson og Jóhann Hjaltal Þorsteinsson. Þátttakendur á mótinu voru um 140 og komu frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum. Mótið tókst afar vel og passaði staðsetningin vel við yfirskrift mótsins, Feel the nature, því Vestmannaeyjar skórtuðu sínu fegursta meðan á mótinu stóð. Dagskráin var ekki af verri endanum en hún samanstóð af morgunstundum, vinnuhópum, kvöldstundum og helgistundum. Þjóðirnar skiptust á að halda utan um dagskrána og sáu Íslendingarnir meðal annars um fræðslu um umhverfi og réttlæti. Utan þessara viðburða fóru þátttakendur í bátsferð, á gosminjasafnið Eldheima og nýttu frjálsa tímann vel í gönguferðir um Heimaey. Hluti af hópnum gekk einnig upp á topp Heimakletts. Í leiknum Experience Vestmannaeyjar, sem boðið var upp á einn daginn, fengu þátttakendur að kynna Vestmannaeyjum betur. Þar var keppt í brekkulaupi í Herjólfssdal, dorgi á Nausthamarsbryggju, pútti á æfingasvæði Golfklúbbs Vestmannaeyja og málmeit á Malarvellingum. Leikurinn endaði svo á að allir gengu upp á Eldfell þar sem boðið var upp á nýbakað rúgbrauð sem bakast hafði yfir nóttina á toppnum. Auk Gísla og Jóhanns sáu þau Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Þröstur Árni Gunnarsson sá um undirbúning og framkvæmd mótsins. Aðalstyrktaraðili mótsins var Nordic Children's and Youth Committee – NORDBUK.

Kvöldvaka sumarþúðanna

Tæplega 300 manns mættu í yndislegu veðri á Holtaveg 28 til að taka þátt í kvöldvöku sumarþúðanna þann 18. ágúst 2017. Kvöldvakan er



Um 70 börn tóku þátt í Karnivali yngri deilda félagsins, sem haldið var 3. febrúar 2018.

sameiginlegur viðburður allra sumarbúða KFUM og KFUK og nokkurs konar uppskeruhátíð eftir sumarstarfið. Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir æskulýðsfulltrúi hélt utan um viðburðinn og stýrði honum ásamt fjölmörgum af starfsmönnum sumarbúðanna. Boðið var upp á sigild kvöldvökuatriði frá sumarbúðunum, söng og gleði, kandífloss, grillaðar pylsur og ís. Hægt var að taka þátt í ýmsum leikjum og hoppukastalarnir sívinsælu voru á sínum stað. Hljómsveitin Sálmarí spilaði fyrir söng og Jónas Gíslason og Þráinn Andreusson sáu um tæknilínur. Pétur Ragnhildarson flutti hugveki í lok kvöldsins. Kvöldvakan var vel heppnuð og gleðin skein úr hverju andliti.

Vetrarferð KFUM og KFUK

Hópur ungmenna á Akureyri undir stjórn Eyðisar Aspar Eypórsdóttur æskulýðsfulltrúa skipulagði og stóð fyrir Vetrarferð KFUM og KFUK dagana 9.-11. mars. Ferðin var fyrir 15 ára og eldri og tóku um 20 manns þátt í henni. Boðið var upp á skiðaferð í Hlíðarfjall, sundferð, kósýkvöldvöku, spilakvöld, bæjarrölt og góðan mat. Ferðin tókst afar vel og verður endurtekin að ári.

Viðburðir leiðtoga

Skipulagsfundir með forstöðufólki

Áður en deildarstarfið hefst á hverri önn fyrir sig setjast leiðtogar starfsins niður og fara yfir verkefni sem framundan eru. Í ár voru haldnir tveir skipulagsfundir en ólíkt fyrri árum voru það eingöngu æskulýðsfulltrúar og forstöðufólk sem hittist til að ræða málin og skipuleggja starfið. Fyrri fundurinn var haldinn 29. ágúst á Holtavegi 28 og hinn síðari í Fella- og Hólaakirkju 21. nóvember. Á fundunum var farið yfir fræðslufni vetrarins og dagskrárbóð kynnt, farið var yfir viðburðina framundan og fyrri viðburðir endurskoðaðir.

Jólasamvera leiðtoga

Föstudaginn 15. desember var öllum leiðtogum og aðstoðarleiðtogum á höfuðborgarsvæðinu í deildastarfi KFUM og KFUK boðið á sérstaka jólasamveru. Tilgangurinn var að gera sér glaðan dag og fá um leið að þakka öllum leiðtogum fyrir frábært og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson eldaði dýrindis kvöldverð ofan í leiðtogana ásamt dyggum aðstoðarmönnum og Jóhanna Elísa Gunnarsdóttir sá um skemmtiatriði. Jólasveinninn kíkti í heimsókn og stóð fyrir dansi í kringum

jólatréð með tilheyrandi söng og jólahappdrættið var á sínum stað. Formaður félagsins, Helgi Gíslason mætti ásamt Sólveigu Reynisdóttur, varaformanni. Kvöldið var mjög skemmtilegt og mikilvægt fyrir leiðtogana að fá líka að hittast utan viðburða og eiga góða stund saman. Leiðtogarnir á Akureyri héldu einnig sérstaka jólasamveru með góðum mat og félagsskap laugardaginn 16. desember.

Kósýkvöld leiðtoga 2017

Boðið var upp á nýja leið til að loka deildastarfi KFUM og KFUK á vorönn fyrir leiðtogana sem að starfinu koma. Haldið var kósýkvöld í Vatnaskógi en þar gafst leiðtogunum tækifæri til að eiga saman notalega stund á fallegum stað án dagskrár. Boðið var upp á dýrindis kvöldmat og bróns en Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson sá um hann. Þeir sem vildu gátu gisti í Vatnaskógi og nýttu sér það margir. Það er þakkarvert að hafa svona flotta og metnaðarfulla leiðtoga í starfi félagsins. Án þeirra væri ekki hægt að halda úti því frábæra og faglega starfi sem KFUM og KFUK býður upp á.

Fræðslufni í æskulýðsstarfi

Fræðslufni sumarbúðanna 2017

Fræðslufnið sem nýtt var í sumarbúðunum þetta sumarið var unnið af Ingunni Huld Sævarsdóttur árið 2009 og heitir Fögnuður og yndi. Efnið er ætlað að kynna Biblíuna fyrir sumarbúðabörnum, gefa þeim góða mynd af Guði, styrkja sjálfsmynd þeirra og fá þeim lykla að því hvernig þau geti notið þess góða lífs sem Guð hefur gefið þeim. Efnið var byggt upp þannig að það skiptist í fræðslur fyrir morgunstundir og hugleiðingar fyrir kvöldstundir.

Fræðslufni haustannar 2017

Haustið 2017 voru tvö fræðslufnishefti endurnýtt. Annars vegar Sögurnar sem Jesús sagði sem Henning Emil Magnússon tók saman árið 2009 en var síðar endurbætt af Guðrúnu Hrönn Jónsdóttur haustið 2015 og hins vegar Fræðslufni fyrir barna- og unglingastarf haustið 2014 sem æskulýðsfulltrúarnir Hjördís Rós Jónsdóttir, Jóhann Hjaltdal Þorsteinsson og Petra Eiríksdóttir tóku saman.

Fræðslufni vorannar 2018

Fræðslufnið sem notast var við í deildastarfinu vorið 2018 var endurútfært efni frá árinu 2003 en einnig var notast við það efni vorið 2015. Efnið heitir Sköpunarverk Guðs og fjallar um okkur sem fullkomna sköpun Guðs, um það hverjar fyrirmyndir okkar eru og hvernig við getum látið gott af okkur leiða. Einnig voru boðorðin 10 til umfjöllunar.



3. Fræðslustarf

Fræðslustarf KFUM og KFUK miðar að því að undirbúa leiðtoga félagsins til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. Fræðslustarfið byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristlegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgiöld. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannættarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Leiðtogabjálfun KFUM og KFUK

KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Sem kristlegt félag leitast KFUM og KFUK við að efla trúarproska ungs fólks og sjálfsmýnd þeirra sem kristinna einstaklinga. Leiðtogabjálfun KFUM og KFUK tekur einnig mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess. Sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnun og nefndum. Leiðtogabjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Samstarf um fræðslumál 2017–2018

KFUM og KFUK er hluti af Æskulýðsvettvanginum (ÆV) ásamt Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). KFUM og KFUK á í umfangsmiklu samstarfi um fræðslumál í gegnum þetta samstarf. Haldin voru 7

Verndum þau námskeið á starfsárinu og þar af eitt í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28. KFUM og KFUK leggur mikla áherslu á að allir sem starfa á vegum félagsins sækji það námskeið annað hvert ár. Æskulýðsvettvangurinn stóð einnig fyrir ráðstefnunni *Hatursorðræða í íslensku samfélagi* föstudaginn 22. september. Þar var fjallað um hvað haturstal væri í lagalegum skilningi, hvernig tekið væri á hatursorðræðu og hatursglæpum hjá íslenskum yfirvöldum og hvernig nágrannar okkar í Noregi taka á þessum málum.

Æskulýðsvettvangurinn gaf út viðbragðsáætlun fyrir þau félagasamtök sem mynda Æskulýðsvettvanginn og aðildarfélög þeirra þar sem finna má verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starf félagsins. Einnig voru gefnir út bæklingarnir *Kynferðisbrot – hvert á ég að leita ef ég verð fyrir kynferðisbroti*, *Einelti – hvert á ég að leita ef ég verð fyrir einelti eða annarri óæskilegri hegðun* og *Siðareglur – samskipti, rekstur og ábyrgð*. Nánar má lesa um samstarfið við Æskulýðsvettvanginn í kafla 7 um innlend samstarfsverkefni.

Námskeið á starfsárinu 2017–2018

Leiðtogabjálfun fyrir 15–17 ára 2017–2018

Líkt og fyrri ár hefur KFUM og KFUK staðið fyrir leiðtogabjálfun fyrir ungleiðtoga á aldrinum 15–17 ára. Á síðasta starfsári var unnið markvisst að því að gera leiðtogabjálfunina enn skilvirkari. Hjördís Rós Jónsdóttir æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK hefur verið verkefnastjóri fyrir leiðtogabjálfunina í vetur. Auk hennar var fenginn starfshópur sem stendur að baki leiðtogabjálfunarinnar en hann skipa fulltrúar úr öllum stjórnun sumarbúða KFUM og KFUK, auk fulltrúa frá KSS og úr stjórn KFUM og KFUK á Íslandi. Starfshópin skipa þau: Benjamín Ragnar

Sveinbjörnsson, Erla Björg Káradóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Jón Magnússon, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Pétur Ragnhildarson, Salóme Jörunn Bernharðsdóttir og Sigurður Pétursson. Auður Pálsdóttir hefur einnig veitt mikla aðstoð við að færa leiðtogaþjálfunina í þá átt sem stefnt er að.

Leiðtogaþjálfunin er byggð upp með helgarnámskeiðum í bland við verklega þjálfun. Á hverju helgarnámskeiði er fræðsla út frá öllum fjórum stöðunum sem þjálfunin byggir á, K (kristileg fræðsla), F (félagsmálafræðsla), U (ungmennalyðræði) og M/K (mannrækt og mannúð). Tvö helgarnámskeið voru haldin á síðastliðnu starfsári, annað í september 2017 og hitt í janúar 2018.

Leiðtogaheggar

Fyrri leiðtogaheggin fyrir 15–17 ára var haldin 15.–17. september í Ölveri. Þátttakendur voru 34 talsins og komu frá Akureyri, Keflavík, Kópavogi, Hveragerði, Reykjavík og Vestmannaeyjum. Auk leiðtoga úr deildastarfi KFUM og KFUK voru einnig einstaklingar úr stjórn KSS og aðstoðarforingjar úr sumarbúðum félagsins síðastliðið sumar. Helgin var vel nýtt í fræðslu og fjör og fengum við til liðs við okkur frábæra fyrirlesara. Erla Björg Káradóttir fjallaði um styrkleika leiðtoga og markmiðasetningu, Þorsteinn Arnórsson sagði frá lífi og starfi sr. Friðriks Friðrikssonar, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Gunnar Hrafn Sveinsson sögðu frá eigin reynslu í starfi KFUM og KFUK. Jón Ómar Gunnarsson fjallaði um rauða þráðinn í Biblíunni og Hjördís Rós Jónsdóttir fór yfir siðareglur félagsins, barnaverndarmál og tilkynningaferli KFUM og KFUK. Á laugardagskvöldinu komu góðir gestir en þá mættu KSS-ingar í rútu í Ölver, borðuðu kvöldmat með hópnum og héldu KSS fund í Ölveri. Helgin gekk mjög vel fyrir sig. Þátttakendur fengu með sér verkefnabók heim og mun leiðtogaþjálfunin halda áfram í vetur á vettvangi þar sem ungmenntin fá tækifæri til að takast á við það sem þau lærðu á leiðtogahegginni í deildum félagsins og í tengslum við viðburði þess.

Síðari leiðtogaheggin var haldin í Vatnaskógi dagana 19.–21. janúar. Sú helgi var tvískipt en þar var fræðsla fyrir 15–17 ára leiðtogaefni annars vegar og svo var hópur af 18 ára og eldri sem aðstoðuðu við helgina en voru á sama tíma í verklegri þjálfun. Þátttakendur voru 39 talsins en þar af voru fjórir eldri en 18 ára. Þátttakendur komu frá Akureyri, Grindavík, Keflavík, Kópavogi, Reykjavík og Vestmannaeyjum. Líkt og á fyrra námskeiðinu voru þátttakendurnir aðallega aðstoðarleiðtogar úr deildastarfi félagsins en að auki voru einstaklingar úr stjórn KSS og aðstoðarforingjar úr sumarstarfi félagsins síðastliðið sumar. Fræðslan var ekki af verri endanum. Bjarni Fritzson kom til okkar og fræddi krakkana um leiðtogaann og hvernig leiðtogi þarf að haga sér til að ná langt. Guðni Már Harðarson fór yfir mikilvægi þess að leiðtogar væru með hugleiðingu út frá Guðs orði á hverjum deildafundi og í sumarbúðunum og fór yfir með þeim hvernig best væri að undirbúa sig fyrir það. Telma Ýr Birgisdóttir fór yfir undirbúning og skipulag deildafunda. Gunnar Hrafn Sveinsson kenndi þeim hvernig virkur hópstjórnandi hagar sér og hvernig leiðtogar eiga að takast á við ýmis verkefni og frávík í starfi með börnum og ungmennum. Svo reyndi á þátttakendurna því þau áttu að taka saman allt það sem þau hefðu lært um helgina og stýra kvöldvökunni á laugardagskvöldinu. Þar kom berlega í ljós hversu flottur hópur var þarna á ferðinni. Á laugardegnum var boðið upp á stöðvagleði þar sem hópnum var skipt upp í smærri einingar sem fór á þrjár mismunandi stöðvar. Unnið var með leiki, samskipti og kyrrðarþæni en þá fengum við til liðs við okkur Bylgju Dís Gunnarsdóttur. Auk allrar fræðslunnar voru einnig léttari stundir þar sem þátttakendur gátu notið Vatnaskógar og alls sem staðurinn

hefur upp á að bjóða. Þátttakendur á námskeiðinu voru einstaklega áhugasamir og móttækilegir og er augljóst að framtíðin er björt með þessa leiðtoga innanborðs.

Viðburðarstjórnunarnámskeið

Viðburðir af ýmsum toga gegna veigamiklu hlutverki í starfi KFUM og KFUK. Haustið 2017 var haldið námskeið í viðburðastjórnun fyrir leiðtoga í starfi félagsins sem náð hafa 18 ára aldri. Námskeiðið fór fram í Ölveri dagana 15.–17. september samhliða ungleiðtogaþjálfun. Tómas Torfason hélt utan um námskeiðið og kenndi á því en fékk að auki til sín góða fyrirlesara sem voru Bára Sigurjónsdóttir, lögfræðingur og félagskona í KFUM og KFUK og Jón Ingvi Bragason, viðburðarsjóri hjá Skátunum. Þátttakendur á námskeiðinu fengu strax að láta reyna á þekkingu sína því þau fengu það verkefni að undirbúa og standa fyrir vetaferð til Akureyrar fyrir 15 ára og eldri í mars 2018.

Global Leadership Summit (GLS)

Leiðtogaráðstefnan *Global Leadership Summit* var haldin í níunda skipti á Íslandi dagana 3. og 4. nóvember. Ráðstefnan á rætur sínar að rekja til Willow Creek kirkjunnar í Bandaríkjunum en þar er hún haldin árlega. Fyrirlestrarnir eru teknir upp og spilaðir á ráðstefnum um allan heim, meðal annars á Íslandi. Fengnir eru úrvals fyrirlesarar með góðan og uppbyggilegan boðskap sem veita leiðtogum sem ráðstefnuna sækja innblástur. Líkt og fyrri ár sóttu flestir starfsmenn KFUM og KFUK á Íslandi ráðstefnuna auk nokkurra úr stjórn félagsins og stjórnnum starfsstöðva.

Youth Unify

Sex leiðtogar úr starfi KFUM og KFUK sóttu alþjóðlega mótið Youth Unify sem haldið var í Transylvaníu í Rúmeníu 30. júlí til 5. ágúst 2017. Unify er verkefni innan KFUM í Evrópu þar sem lögð er áhersla á að efla kristilega þáttinn í starfinu. Þrátt fyrir hitabylgju komu íslensku þátttakendurnir sáttir heim með nýja þekkingu í farteskinu.

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári heldur KFUM og KFUK á Íslandi námskeið fyrir starfsfólk sem mun starfa í sumarbúðum félagsins og á leikjanámskeiðum þess. Námskeiðinu er ætlað að undirbúa starfsmenn fyrir þau verkefni sem bíða þeirra. Námskeiðið var haldið í Vatnaskógi dagana 5.–6. júní. Umsjón með því þetta árið hafði Tómas Torfason en með honum voru þau Arnór Heiðarsson, Ársæll Aðalbergsson, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Ingunn Huld Sævarsdóttir, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Þróstur Árni Gunnarsson. Á námskeiðinu var meðal annars fjallað um ábyrgð og skyldur starfsfólks, verkferla í barnaverndarmálum, öryggismál og viðbrögð ef eitthvað kemur upp á. Fræðsluefni sumarsins var kynnt og farið yfir hver við erum í KFUM og KFUK og hvað við boðum. Á hverju ári er farið yfir skyndihjálp og brunavarnir og voru það þeir Jón Pétursson slökkviliðsmaður og Kristján Sigfússon bráðataeknir sem sáu um þá kennslu. Þá komu þeir Magnús Sigurjón Guðmundsson og Björn Þór Jóhannsson frá „Fúll á móti“ og kynntu fyrir starfsfólki nýja leiki og hópefli. Í ár voru einnig svokallaðar pallborðsumræður þar sem eldra og reyndara starfsfólk sumarbúðanna sagði frá reynslu sinni og umræður mynduðust meðal þátttakenda. KFUM og KFUK leggur mikið upp úr því að veita starfsfólki sínu sem best verkfæri til að starfa á vettvangi og því er þetta námskeið afar gagnlegt og mikilvægt.



4. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir þar sem allir aldurshópar njóta sín.

Fjölskyldustarf í sumarþúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarþúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en að hausti og vori er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna. Á liðnu starfsári voru haldnir feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, Heilsudagar karla og kvennaflokkur auk fjölskylduhátíðarinnar Sæludaga í Vatnaskógi. Fjölskyldutilboð sumarþúðanna fóru fram í Vatnaskógi, Vindáshlíð og Ölveri. Hér fyrir neðan má sjá þátttökutölur:

Feðgaflokkur Vatnaskógi 2017	85
Fjölskylduflokkur Vatnaskógi vor 2017	68
Heilsudagar karla Vatnaskógi 2017	52
Mæðgnaflokkur Vindáshlíð 2017	66
Kvennaflokkur Vindáshlíð 2017	38
Krifaflakur Ölveri 2017	34
Sæludagar Vatnaskógi 2017	1000

Sæludagar í Vatnaskógi

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímalausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 4.–7. ágúst 2017. Um 1000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Meðal dagskrárliða voru tónleikar með bræðrunum Frikka Dór og Jóni Jónssonum, brúðuleikhús, vatnafjör, Vatnaskógarkarlvöldvökur, fræðslustundir, bænastundir, íþróttir og margt fleira. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum. Af stökum viðburðum í starfi KFUM og KFUK teljast Sæludagar í Vatnaskógi til þeirra umfangsmestu. Nánar er fjallað um Sæludaga í kaflanum um starfið í Vatnaskógi.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Fullorðinsstarf í Reykjavík

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Áralöng hefð er fyrir þessum fundum og form þeirra er nokkuð fastmótað. Umfjöllunarefni fundanna er þó fjölbreytt og margt spennandi sem ber á góma. Á fundina koma ýmsir gestir sem upplýsa og fræða félaga um áhugaverð málefni.



Á vordögum 2017 var stofnað til grasrótarhóps innan KFUM og KFUK til að standa fyrir ferðum, útivist og hreyfingu. Hópurinn miðlar verkefnum á Facebook, en tæplega 300 manns eru skráðir þar í hópinn.

Aðaldeild KFUK heldur fundi á þriðjudögum. Á starfsárinu var fundartíma breytt og fundarformið gert léttara. Í stað kvöldfunda hófust fundir kl. 17:00 með kaffisopa og samveru í kaffiteríu félagsheimilisins við Holtaveg. Fundarefni og dagskrá hófst síðan um 17:30 og stóð til u.þ.b. 18:30. Þetta nýja fundarform og fundartími hefur tekist vel. Kristín Sverrisdóttir og Dagný Bjarnhéðinsdóttir hafa verið í forsvari fyrir hópinn.

Aðaldeild KFUM heldur fundi á fimmtudögum. Á bilinu 40–60 karlar sækja fundina. Skipulag fundanna veturinn 2017–2018 var í höndum Árna Sigurðssonar, Ársæls Aðalbergssonar, Gunnars Jóhannesar Gunnarssonar sem leiðir hópinn, Inga Boga Bogasonar og Ólafs Sverrissonar.

Sameiginleg verkefni aðaldeildanna

Sameiginleg verkefni aðaldeildanna voru þrjú á haustmisseri. Þann 19. október sýndi Stopp leikhópurinn sýningu um Marteín Luther. Þann 9. nóvember var farið í sameiginlega heimsókn í Veröld, hús Vigdísar Finnbogadóttur og endað með helgistund í Neskirkju. Þá var aðventufundurinn 5. desember sameiginlegur að vanda. Að vori var einn sameiginlegur fundur, auk Hátíðar- og inntökufundar félagsins. Þá er vorferð á Reykjanæs í lok apríl einnig sameiginlegt verkefni beggja deilda.

Hvers virði er KFUK og KFUM mér?



Ég er ævarandi þakklát fyrir fyrsta fundarboðið sem ég fékk frá KFUK í Langagerði þegar ég var barn. Ég fann strax að þarna átti ég heima og leið einstaklega vel í þessum félagskap. Síðan þá hefur starf KFUM og KFUK verið mér hjartfólgið og verið stór þáttur í lífi mínu. Ég hef notið þeirrar gæfu að fá að gera starf fyrir KFUM og KFUK að æfistarfi mínu. Í KFUM og KFUK hef ég eignast mína bestu vini, vinátta sem varir enn 50 árum síðar. Að fá að taka þátt í barna- og unglingastarfi KFUK hefur gefið mér ómetanlega reynslu í framkomu, mannlegum samskiptum og að taka ábyrgð í lífinu. Stjórnarseta í KFUK hefur efið og dýpkað félagskennd mína og skilning á miklivægi þessa félagskapa. Í mínum huga er boðun fagnaðarerindisins, kærleikur og samheldni það sem einkennir starfið. Þar fá börn og unglingar tækifæri til að eflast og þroskast þar sem þau meiga trú á Guð og vita að Guð hefur trú á þeim.

María Sighvatsdóttir



Miðvikudaginn 25. maí 2017 var sr. Friðrikshlaupið haldið í fjórða sinn.

Fullorðinsstarf á Akureyri

Nokkrar samkomur voru haldnar í félagshúsinu á Akureyri á starfsárinu m.a. í samstarfi við kristniboðsfélagið. Aðventusamvera fjölskyldunnar var á fyrsta sunnudegi í aðventu og tókst hún með eindæmum vel. Hana sóttu rúmlega tuttugu manns og tóku krakkarnir úr deildastarfinu það að sér að vera með helgileik fyrir gestina.

Stjórnin sá um að skipuleggja bænastundir sem hafa verið aðra hverja viku yfir veturinn, en einnig var haldið fræðslukvöld, sem Jóhann H. Þorsteinsson sá um.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

KFUM og KFUK er mér alveg ótrúlega mikils virði. Ég í raun kynntist félaginu fyrir tilviljun, ef svo má segja, þegar vinir mínir drógu mig á unglingadeildarfund fyrir 12 árum og síðan þá hefur þetta félag verið alveg gríðarlega stór hluti af lífi mínu. Í gegnum starf KFUM og KFUK hef ég fengið tækifæri til þess að vera ég sjálf, sýnt hvað í mér býr og hefur mér sjálfri fundist gaman að fylgjast með því hvernig hver reynsla sem ég öðlast í gegnum starfið styrkir mig á svo ótrúlegan hátt. Með þetta sagt má segja að þau gildi sem KFUM og KFUK standa fyrir hafi mótað mig og hefur félagið átt stóran þátt í að gera mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. KFUM og KFUK hefur gefið mér SVO mikið, ég er svo þakklát yfir að hafa kynnst þessu frábæra félagi og öllu því sem það hefur uppá að bjóða en einnig er ég svo ótrúlega þakklát fyrir þá æðislegu vini sem ég hef eignast í gegnum starfið. Mér finnst svo dásamlegt að tilheyra svona stórri og frábærri heild, það er ekki oft sem mér finnst ég einhvers staðar tilheyra en í starfi KFUM og KFUK Á ég bara hreinlega heima.

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir



Ljósbot, sönghópur KFUK

Fjölgað hefur í sönghópnum Ljósbot, sem stofnaður var árið 2015, telur nú um 30 konur. Þær hafa sungið á ýmsum viðburðum t.d. aðventufundi KFUM og KFUK, á samkomu hjá Kristniboðssambandinu, hjá Kvennakirkjunni og á alþjóða bænadegi kvenna. Keith Reed er kórstjóri. Ljósbot æfir einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 17–18 að Holtavegi 28.

Sr. Friðrikshlaupið

Miðvikudaginn 25. maí 2017 var sr. Friðrikshlaupið haldið í fjórða sinn. Hlaupið er haldið á þessum degi í tilefni af fæðingardegi séra Friðriks Friðrikssonar, stofnanda félagsins, sem fæddist árið 1868. Hlaupaleiðin var sem fyrr í Laugardalnum og var fimm kílómetra löng með tímatöku. Samtals 82 hlauparar á öllum aldri voru skráðir til leiks. Yfir 30 sjálfbóðaliðar koma að hlaupinu.

Undirbúningur og framkvæmd hlaupsins var í höndum Önnu Elísu Gunnarsdóttur, Örmu Auðunsdóttur, Báru Sigurjónsdóttur, Berglindar Óskar Einarsson, Jessicu Leigh Andrésdóttur, Þóru Bjargar Sigurðardóttur, Guðlaugar Jökulsdóttur og Guðnýjar Ólafsdóttur.

Ferðir / útivist / hreyfing

Á vordögum 2017 var stofnað til grasrótarhóps innan KFUM og KFUK til að standa fyrir ferðum, útivist og hreyfingu. Sumarið 2017 var boðið upp á nokkrar kvöldgöngur, leikjavöld á Holtavegi og hjólaferð í Reykjavík. Þá tóku 12 þátt í Þórsmurkurferð í júní. Hópurinn miðlar upplýsingum um verkefni á Facebook undir nafninu: Ferðir / útivist / hreyfing - KFUM og KFUK. Af öðrum ólöstuðum vörum Anna Magnúsdóttir annars vegar og Pétur Ásgeirsson hins vegar duglegust að standa fyrir viðburðum á starfsárinu. Tæplega 300 manns eru skráðir í hópinn á Facebook.

Friðrikskapella á Hlíðarenda

Bænasamverur voru haldnar í hádeginu á mánudögum yfir vetrartímann í Friðrikskapelli við Hlíðarenda í Reykjavík. Hver stund felur í sér altarisgöngu og bænastund og er í umsjá presta höfuðborgarsvæðisins. Friðrikskapella er í eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, íþróttafélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Kapellan var vígð 25. maí 1993 og er minnisvarði um sr. Friðrik Friðriksson stofnanda KFUM og KFUK. Stjórn Friðrikskapelli skipuðu þau Kári Geirlaugsson (KFUM og KFUK) formaður, Ásbjörn Vilhljámsson (Karlakórinn Fóstbræður), Þórarinn G. Valgeirsson (Valur), Ingi Rafn Ólafsson (Skátasamband Reykjavíkur) og séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir (Biskupsstofa).

Þakklæti til sjálfbóðaliða

Lögd er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfbóðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarni og alúðlegu starfi í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.

4.1 Basar KFUK

Aðalfundur Basars KFUK var haldinn að Holtavegi 28 þann 6. mars 2017. Úr stjórn áttu að ganga tvær konur og gáfu Hildur Þ. Hallbjörnsdóttir og María Sighvatsdóttir kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu til tveggja ára.

Stjórn verkefnisins var því óbreytt frá fyrra ári; skipuð þeim Báru Sigurjónsdóttur formanni, Önnu Elisu Gunnarsdóttur gjaldkera, Hildi Þ. Hallbjörnsdóttur ritara og Maríu Sighvatsdóttur meðstjórnanda.

Hlutverk stjórnarinnar er að koma að árlegum undirbúningi og framkvæmd Basars KFUK. Markmið verkefnisins felst í fjáröflun sjálfbóðaliða og snýst um árlegan jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu.

Í samræmi við starfsáætlun verkefnisins kallaði stjórnin til hóp kvenna í byrjun september til að vera í undirbúningsnefnd. Þetta voru þær Aðalheiður Sighvatsdóttir, Anna Magnúsdóttir, Arna Ingólfssdóttir, Betsy Halldórsson, Gunnlaug Sverrisdóttir, Hildur Björg Gunnarsdóttir, Jessica Leigh Andrésdóttir, Jóhanna María Friðriksdóttir og Kristín Sverrisdóttir.

Farið var yfir verkefnalista, mikilvægar dagsetningar uppfærðar, verkefnum skipt á þátttakendur í hópnum og ákveðið hvaða verkefni þyrftu að fá aðstoð frá skrifstofu félagsins. Basarinn var auglýstur á Facebook, á fundum, í netfréttum KFUM og KFUK, auk þess sem auglýst var í blöðum og útvarpi daginn fyrir og á basardegi. Föstudaginn 1. desember hittist hópurinn og setti upp basarinn.

Basar KFUK var haldinn laugardaginn 2. desember og tóku, auk undirbúningsnefndarinnar, fjöldi sjálfbóðaliða þátt.

Stjórn verkefnisins stóð fyrir happadrætti með vinningum af basarnum á aðventufundi KFUM og KFUK 5. desember. Basarmunir voru jafnframt til sölu eftir fundinn og eftir jólatónleika Karla-kórs KFUM. Munir voru síðan til sölu á skrifstofu KFUM og KFUK fram til jóla.

Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim konum og körlum sem lögðu Basar KFUK lið á árinu með því að leggja fram handverk, heimagert bakkelsi, sultur og annað góðgæti. Sérstaklega ber þó að þakka handavinnuhópi Helgu Friðriksdóttur sem í áratugi hefur lagt til meginþórnann af þeim handunnu jólavörum sem seldar eru á basarnum. Einnig vill stjórnin þakka Bylgju Dís Gunnarsdóttur á skrifstofu KFUM og KFUK fyrir ómetanlega aðstoð og lipurð. Sérstakar þakkir fá Arna Auðunsdóttir fyrir að hanna og gefa auglýsingaveggspjald fyrir basarinn og Kjartan Birgisson hjá Selecta fyrir að lána súkkulaðivél og gefa súkkulaðið fyrir vöflusöluna. Auk þess er Gunnari Rafni Heiðarssyni eiganda veitingastaðarins Kol á Skólavörðustíg, þakkað fyrir súpuna sem sjálfbóðaliðar fengu að njóta á föstudeginum.



Basar KFUK fór fram laugardaginn 2. desember 2017.



Fjöldi fólks sótti basarinn og fjárfesti í handgerðum munum til styrktar starfi KFUM og KFUK.

Í samræmi við samþykktir verkefnisins renna 10% af tekjum basarsins í Kærleikssjóð KFUM og KFUK. Hlutverk sjóðsins er að gleðja veika og/eða aldraða félagsmenn. Stjórn verkefnisins leggur til að það sem eftir stendur renni til uppbyggingar æskulýðsstarfs KFUM og KFUK.

Það er mat stjórnar verkefnisins að basarinn hafi heppnast einstaklega vel.



Karلاكór KFUM á tónleikum til styrktar Vatnaskógi, sumardaginn fyrsta 20. apríl 2017.

4.2 Karلاكór KFUM

Kórinn byrjaði æfingar 16. janúar á nýju ári. Fimmtudaginn 2. mars söng kórinn á Kristniboðsvíku á Háaleitisbraut og miðvikudaginn 15. mars söng kórinn einnig á söngsamkomu á sama stað.

Aðalfundur kórsins var haldinn mánudaginn 3. apríl eftir stutta æfingu. Úr stjórninni gekk Pétur Ásgeirsson gjaldkeri og eru honum þökkúð góð störf fyrir kórinn. Þórarinn Björnsson var kosinn í hans stað til þriggja ára. Þórarinn er boðinn velkominn til starfa. Hvað varðar aðra þætti aðalfundar er bent á ítarlega fundargerð.

Fimmtudaginn 6. apríl söng kórinn 3 lög á AD fundi sem helgaður var gamla Karلاكór KFUM undir yfyrskriftinni: „Brot úr sögu Karلاكórs KFUM.“ Auk þess var sungið á söngsamkomu Skógarmanna á sumardaginn fyrsta fimmtudaginn 20. apríl.

Vortónleikar voru síðan haldnir 14. maí í Skálholti. Þetta var um leið vorferð kórsins. Sungið var í kirkjunni, staðurinn skoðaður og síðan var sameiginlegt borðhald í Skálholtsskóla.

Æfingar að hausti hófust 18. september. 2. nóvember söng kórinn 5 lög á herrakvöldi á Holtavegi til styrktar Vatnaskógi. 8. nóvember var sungið á söngsamkomu SÍK á Háaleitisbraut. Þar lék Bjarni Gunnarsson undir á píanó líkt og í mars. Sungið var í messu í Bústaðarkirkju 12. nóvember á kristniboðsdaginn. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson þjónaði og organisti var Jónas Þórir. Sungin voru tvö lög og síðan leiddi kórinn almennan söng.

Laugardaginn 18. nóvember æfði kórinn inni á Holtavegi allan daginn jólaprógrammið fyrir jólatónleikana í desember. 19. nóvember söng kórinn í söngmessu í Lindarkirkju tvö lög við texta Guðlaugs Gunnarssonar. Tilefni söngmessunnar var sextugsafmæli Guðlaugs á árinu. Sungið var á jólafundi AD félaganna 5. desember og einnig var sungið í Friðrikskapelli að venju 6. desember. Árlegir jólatónleikar voru síðan haldnir 14. desember að Holtavegi. Þar lagði Abigail Snook kórnum lið með fiðluleik. Tónleikarnir voru vel sóttir og tókust vel. Auk þessa söng kórinn við þrjár jarðarförir. Jarðarför Guðjóns Ingimundarsonar 24. apríl, Kristínar Möller 26. september og jarðarför Leifs Hjörleifssonar 12. desember.

Stjórn kórsins hefur haldið nokkra stjórnarfundir á starfsárinu. Kórfélagar voru 39 á árinu og stjórnandi kórsins er sem fyrr Laufey G. Geirlaugsdóttir og meðleikari er Ásta Haraldsdóttir. Kórfélagar þakka þeim báðum fyrir samstarfið á liðnu starfsári og trausta og faglega stjórn. Þá ber þess og að geta að kórinn byrjaði um haustið með eigin heimasíðu. Allan veg og vanda að henni átti Guðlaugur Gunnarsson en tveir kórfélagar greiddu stofngjald síðunnar. Slóð hennar er www.karlakor.kfum.is



Leikjanámskeið félagsins fyrir 6–9 ára börn hafa verið vel sótt.

5. Leikjanámskeið

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2017, í Lindakirkju í Kópavogi og í Hátúni 36 í Reykjanesbæ. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6–9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristlega fræðslu, syngja kristlega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin fimm leikjanámskeið sumarið 2017. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:30. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingar og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásu um morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarahátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið uppá grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir aðstoðarleiðtogar sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 125 talsins og var biðlisti á öll námskeiðin.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2017: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Kristín Sigrún Magnúsdóttir, Ástráður Sigurðsson, Karen Sif Ársælsdóttir, Róbert Ingi Þorsteinsson og Sverrir Hákon Marteinsson.

Í Reykjanesbæ voru haldin fjögur leikjanámskeið sumarið 2017. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:30. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil almenn ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Starfsfólkið hélt úti virkri fésbókarsíðu á netinu svo foreldrar gátu fylgst vel með hvað var að gerast. Á leikjanámskeiðunum störfuðu tveir forstöðumenn og sex ungmenni. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 90.

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2017: Forstöðukona var Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir og Ísak Henningsson starfaði einnig mestan hluta námskeiða. Auk þeirra unnu á námskeiðunum 6 unglingar, Birta Rún Benediktsdóttir, Einar Sæþór Ólason, Eliza Liv Taylor, Eva María Thorarensen, Ólafur Þór Gunnarsson, Ragnar Snær Sigurðsson og Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir.

6. Alþjóðastarf

Alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Eitt af markmiðum KFUM og KFUK á Íslandi er að félagsfólk upplifi að þeir eru hluti af stærri heild á alþjóðavísu. Unnið er í samstarfi við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Samtals 53 fulltrúar félagsins tóku þátt í ráðstefnum, námskeiðum eða verkefnum sem tengdust alþjóðastarfi KFUM og KFUK, auk fjölda sjálfbóðaliða sem lögðu hönd á plóginn í verkefninu Jól í skókassa.

Alþjóðaráð nýtir samfélagsmiðla fyrir alþjóðlegt starf félagsins, en ráðið heldur utan um Facebook-hóp og Facebook-læksiðu. Á báðum síðum eru tilboð og atburðir auglýstir, ásamt því að þar eru settar inn fréttir sem tengjast starfinu.

Alþjóðaráð KFUM og KFUK hefur umsjón með alþjóðastarfi félagsins. Sem fyrr er alþjóðaráð skipað af stjórn félagsins og á hún þar einn fulltrúa. Á þessu starfsári urðu breytingar innan ráðsins. Jóhann H. Þorsteinsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu og þakkar KFUM og KFUK á Íslandi honum fyrir vel unnin störf í þágu alþjóðastarfs félagsins. Í hans stað kom Gísli Stefánsson inn í ráðið. Starfsárið 2017 sátu því eftirfarandi einstaklingar í alþjóðaráði: Sólveig Reynisdóttir, fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi og formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir, Dagrún Linda Barkardóttir, Gísli Stefánsson, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, og Tinna Rós Steinsdóttir. Haldnir voru sjö fundir á tímabilinu.

Norrænt samstarf

KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í samstarfi við norræn systurfélög sín.

Norrænt mót

Norrænt unglingamót var haldið í Vestmannaeyjum sumarið 13.–18. júlí 2017 undir yfirskriftinni *Feel the nature*. Á mótið mættu um 115 þátttakendur á aldrinum 12–17 ára og 31 leiðtogi frá Íslandi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Færeyjum. Mótið er samstarfsverkefni KFUM og KFUK á Norðurlöndunum, auk Færeyja en sambærileg mót hafa verið haldin á tveggja til þriggja ára fresti um langa tíð og var fyrsta mótið haldið árið 1939. NCYC nefndin (sjá neðar) skipuleggur og heldur utan um mötin. Fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi í nefndinni eru þeir Gísli Stefánsson og Jóhann Þorsteinsson. Samhliða mótinu var haldið leiðtoganámskeið fyrir 16–17 ára þátttakendur. Ungir leiðtogar frá þátttökulöndunum á aldrinum 20–30 ára skipulögðu námskeiðið og önnuðust kennsluna. Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir og Arnar Ragnarsson voru fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi í undirbúningsnefnd leiðtoganámskeiðsins.



Norrænt unglingamót var haldið í Vestmannaeyjum sumarið 13. – 18. júlí 2017 undir yfirskriftinni *Feel the nature*.

Bæði leiðtoganámskeiðið og norræna mótið sjálf hafa notið stuðnings frá NORDBUK, Norrænu barna- og ungmennanefndinni, en markmið styrkjaáætlunar NORDBUK er að efla samtakamátt og möguleika barna og ungmenna til þátttöku og áhrifa í lýðræðisstarfi, auk þess að styrkja norræna samkennd meðal þeirra.

NCYC fundur í Stokkhólmi

21.–23. september 2017 var haldinn fundur á vegum NCYC í Stokkhólmi. Jóhann Þorsteinsson og Gísli Stefánsson sitja í NCYC nefndinni fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi og sóttu fundinn.

Nordic Child and Youth Committee er ráð innan KFUM og KFUK félaga á Norðurlöndum sem skipuleggur norræn ungmennamót, sem eru haldin á tveggja til þriggja ára fresti. Markmið nefndarinnar er að efla samskipti milli Norðurlandanna og veita upplýsingar um stöðu æskulýðsmála í hverju aðildarfélagi.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Dagana 27.–28. janúar 2017 var haldinn árlegur samstarfsfundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum í Stokkhólmi. Fundurinn gaf formönnum og framkvæmdastjórunum tækifæri til að kynnst og læra hver af öðrum. Umræðuefni fundarins var m.a. um norrænt samstarf í alþjóðlegu samhengi og stefnumótun KFUM og KFUK félaganna á Norðurlöndum. Fundurinn var vel heppnaður og voru fundarmenn sammála mikilvægi þess að formenn og framkvæmdastjórar KFUM og KFUK á Norðurlöndum eigi gott samstarf. Tómas Torfason og Auður Pálsdóttir sátu fundinn fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu, samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur KFUM í Evrópu 2017

Aðalfundur KFUM í Evrópu var haldinn í Edinborg í Skotlandi 27.–30. apríl 2017. Þar komu saman fulltrúar frá hinum ýmsu KFUM-félögum sem eiga aðild að KFUM í Evrópu. Fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi á fundinum voru Sólveig Reynisdóttir, Anna Elísa Gunnarsdóttir og Jóhann Þorsteinsson.

YES-námskeið

YES er ungmennastarf KFUM í Evrópu. Markmið YES er að efla ungt fólk til að láta rödd sína heyrast bæði innan KFUM sem og í samfélaginu. Formlegir YES fundir eru að öllu jöfnu haldnir fyrir aðalfund KFUM í Evrópu en árið 2017 fékkst því miður ekki styrkur til að halda námskeiðið.

Youth Unify í Rúmeníu

Á hverju ári er haldið Youth Unify námskeiði fyrir 16–30 ára leiðtoga sem eru sjálfbóðaliðar í barna- og unglingastarfi. Á þessum námskeiðum er sérstök áhersla lögð á kristilega þátt félagsins og hvernig hægt er að styrkja hann og efla í starfi KFUM og KFUK. 30. júlí til 5. ágúst 2017 fór 6 manna hópur frá Íslandi til Cluj í Rúmeníu til að taka þátt í þessu námskeiði. Þátttakendur voru um þrjátíu manns sem komu víða að bæði innan sem utan Evrópu.

Youth exchange í Kaupmannahöfn

Helgina 22.–24. september sótti Dagrún Linda Barkardóttir fund í Kaupmannahöfn um sjálfbóðaliðaskipti. Markmið fundarins var að efla þátttöku í sjálfbóðaliðaskiptum milli KFUM og KFUK félaga í Evrópu og uppræða um framkvæmd sjálfbóðaliðaskipta. KFUM og KFUK á Ísland hefur hvorki tekið að sér sjálfbóðaliða undanfarin ár né sent út einstaklinga í formlegt sjálfbóðaliðastarf. Það er framtíðarmarkmið alþjóðaráðs að efla þennan þátt og víða að sér nægri þekkingu til að standa vel að sjálfbóðaliðaskiptum. Ýmsar leiðir voru kynntar á fundinum sem Dagrún sótti og má þar m.a. nefna sjálfbóðaliðaskipti í gegnum EVS. EVS (European youth portal) eru sjálfbóðaliðaskiptasamtök sem starfa undir Evrópusambandinu og hafa viðtæka reynslu af sjálfbóðaliðaskiptum.

Heimssamband KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er ekki fullgildur aðili að heimssambandi KFUK. Þrátt fyrir það hefur félagið tekið tekið þátt í viðburðum á vegum heimssambandsins á síðustu árum. Félagið tók þó ekki þátt í neinum viðburði á vegum heimssambandsins á árinu.

Heimssamband KFUM

KFUM og KFUK á Íslandi er ekki fullgildur aðili að heimssambandinu. Dagana 8.–14. júlí 2018 verður haldið Heimssþing KFUM í Chiang Mai í Tælandi. Heimssamband KFUM sér um utanumhald og skipulag þingsins. Félagsfólki á Íslandi er velkomið að taka þátt í heimssþinginu á eigin vegum en ekki verður farin skipulögð ferð á vegum félagsins. Þá mun KFUM og KFUK á Íslandi ekki senda fulltrúa á heimssþingið.



Aðalfundur KFUM í Evrópu var haldinn í Edinborg í Skotlandi 27. – 30. apríl 2017. Þar komu saman fulltrúar frá hinum ýmsu KFUM-félögum sem eiga aðild að Evrópusambandi KFUM.



Íslensku þátttakendurnir á Youth Unify sem fram fór í Cluj í Rúmeníu.



Gísli Stefánsson og Jóhann Þorsteinsson sitja fyrir hönd Íslands í NCYC nefndinni, sem skipuleggur sameiginlega unglingamót KFUM og KFUK félaganna á Norðurlöndunum.

7. Innland samstarfsverkefni

KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnarfélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV á starfsárinu skipuðu þau Hermann Sigurðsson formaður (BÍS), Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Tómas Torfason (KFUM og KFUK), Sigríður Ágústsdóttir (BÍS) Gunnar Stefánsson (Slysavarnarfélagið Landsbjörg). Sema Erla Serdar er verkefnastýra ÆV, starfshlutfall hennar er 50%.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Gildi ÆV eru velliðan, velferð og öryggi.

Siðareglur

ÆV stendur að útgáfu siðareglna um samskipti og siðareglna um rekstur og ábyrgð. eru þær hugsaðar fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða í starfi aðildarfélaganna. Tilgangurinn með þeim er að gefa starfsfólki og sjálfbóðaliðum ramma til þess að starfa innan, bæði til þess að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna sem taka þátt í starfinu og til þess að tryggja fagmennsku í starfi.

Verndum þau

Á árinu 2017 voru auglýst og skipulögð 7 Verndum þau námskeið víðs vegar um landið. Alls sóttu um 350 manns námskeiðin. Ólóf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, höfundar bókanna

Verndum þau, voru kennarar á námskeiðunum. Verndum þau fjallar um hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. KFUM og KFUK krefst þess að þeir sem starfa með börnum og unglingum á vettvangi félagsins hafi sótt námskeiðin nýlega.

Fagræð í meðferð kynferðisbrota Aðildarfélög ÆV eiga með sér samráð þegar kemur að þessum viðkvæma málaflokki og hefur starfrækt sérstakt fagræð til að koma



Þann 21. mars 2018 átti stjórn Æskulýðsvettvangsins fund með mennta- og menningarmálaráðherra þar sem verkefnið voru kynnt. Á myndin eru: Auður Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK og Sema Erla Serdar verkefnastýra Æskulýðsvettvangsins.

að slíkum málum. Áfram verður unnið að þróun þessa samstarfs til að tryggja góð og fagleg viðbrögð og vinnubrögð þegar upp kemur grunur um kynferðisbrot á vettvangi aðildarfélaganna. Á starfsárinu voru starfsreglurnar um meðferð kynferðisbrota uppfærðar.

Viðbragðsáætlun

ÆV hefur gefið út viðbragðsáætlun þar sem finna má verkferla sem félög skulu fylgja þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á





starf félags. Dæmi um atvik sem viðbragðsáætlunin nær til eru agabrot, ávana- og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát.

Sakavottorð

KFUM og KFUK (ásamt öðrum aðildarfélögum ÆV) gera þá kröfu til sjálfbærni og starfsmanna sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi félagsins að þeir skili inn samþykkt fyrir því að félagið sækir upplýsingar um þau úr sakaskrá. Eitt af verkefnum ÆV er að þrýsta á stjórnvöld að gera þetta ferli einfaldara og skilvirkara, t.d. með rafrænum lausnum.

Átak gegn einelti

Eitt af verkefnum ÆV er útgáfa á aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri ósæmlegri hegðun. Tilgangurinn er að stuðla að því að allir geti notið sín á jákvæðan hátt innan þess góða starfs sem aðildarfélög ÆV standa fyrir. Í tengslum við verkefnið var stofnaður ráðgjafahópur um meðferð eineltismála.

Ekkert hatur

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð er eitt af verkefnum ÆV. Verkefninu er ætlað vekja athygli á hatusorðræðu á netinu, verkja ungt fólk til umhugsunar og hvetja það til að bregðast við. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn einelti, hatusorðræðu, kynþáttafordómum og mismunum á netinu.

Hatusorðræða í íslensku samfélagi

Þann 22. september 2017 stóð ÆV fyrir veigamikilli ráðstefnu í Hörpu um það samfélagsmeið sem hatusorðræða og annars konar áróður er í samfélaginu. Markmið og tilgangur ráðstefnunnar var að vekja athygli á hatusorðræðu sem vandamáli, auka vitundarvakningu um mismunandi birtingamyndir fordóma og hatus, alvarleika hatusorðræðu og mögulegar afleiðingar, sem og að ræða leiðir til þess að sporna gegn því að hatusorðræða haldi áfram að vaxa í íslensku samfélagi.



Fríðrikskapella er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Kapellan var vígð 25. maí 1993 og er minnisvarði um sr. Fríðrik Fríðriksson stofnanda KFUM og KFUK.

Kristileg skólahreyfing

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) eiga samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi og eru samofin starfi félagsins. Fundir KSS eru t.d. haldnir í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Sr. Ólafur Jón Magnússon er í 50% starf fyrir KSH.

Þjóðkirkjan

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjánaðmskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Þá á félagið mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnáðmskeiðin í Vatnaskógi (sjá nánar í skýrslu Vatnaskógar bls. 34).

Fríðrikskapella á Hlíðarenda

Fríðrikskapella er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélög

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Óskar Ármannsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og mennta- og menningarmálaráðuneytisins af hálfu ríkisins. KFUM og KFUK á einnig samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þá er einnig þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK í Reykjaneshæ og Reykjaneshæjar og milli félagsins á Akureyri og Akureyrarbæjar.

8. Útgáfu- og kynningarmál

Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfboðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Mest eru notaðir ókeypis eða ódýrir miðlar, til dæmis fyrir vikulegar fréttir í tölvupósti, en nokkrum sinnum á ári er farið í kostnaðarmeiri kynningar.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom þrisvar sinnum út á starfsárinu, í lok maí, í september og í byrjun janúar. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, marga kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa og fleiri velunnara. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Ársskýrsla

Vorið 2017 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2016–2017. Sú skýrsla var einungis send í prentuðu formi til félagsmanna 50 ára og eldri. Aðrir fengu hana senda á rafrænu formi og hún fór á heimasíðuna og á issuu.com (rafræna útgáfusvæði félagsins). Í skýrslunni er fjallað um starfsemi og verkefni á vegum félagsins.



Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af níu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Um 60 manns koma að því að skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið. Halldór Elías Guðmundsson heldur utan um vefsvæði félagsins.

Heimasíðan er tengd við samfélagsmiðlana Twitter og Facebook. Fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast þannig samstundis sem „tvít“ á https://twitter.com/KFUM_KFUK og einnig á Facebook síðu félagsins. Fréttir á heimasvæðum einstakra starfsstöðva birtast einnig sjálfvirk á Facebook síðum viðkomandi starfsstöðva.

Á Facebook síðu KFUM og KFUK á Íslandi birtast fréttir og myndir úr starfinu. Um miðjan mars 2017 var síðan með 2.007 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Bylgju Dís Gunnarsdóttur. Í félaginu er Facebook notað á marga vegu sem verkfæri í samskiptum. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins.

KFUM og KFUK notar vef YouTube til að birta myndbönd, vef issuu.com til birtingar á útgefnu prentefni og myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-islund/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins. Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfrjor.is sem er sérsmíðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins. KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðilinn Instagram, undir





heitinu kfumkfukiceland. Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>.

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni: <http://efnisveita.kfum.is>. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag. Fræðsluefni félagsins má skoða á Issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>. Umsjón með fræðsluefni hefur æskulýðssvið félagsins.

Netfréttir

Í upphafi hvernar viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Bylgja Dís Gunnarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2018 var gefið út 16 síðna sumarþúðablað þar sem sumarþúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2018 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 78.000 eintökum og dreift á öll heimili á höfðborgarsvæðinu og á Akureyri, auk þess sem það

var sent í pósti til skráðra þátttakenda í starfinu sem búsett eru í öðrum póstinúmerum. Rafræna útgáfu af blaðinu er hægt að nálgast á Issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Annað almennt kynningarstarf

Í júní 2017 gaf Vatnaskógur út Sæludagabækling sem var prentaður í 2.000 eintökum. Bæklingurinn var sendur til félagsfólks og forráðamanna barna í sumarstarfi félagsins. Umsjón með gerð hans hafði Ársæll Aðalbergsson.

Bæklingur um verkefnið Jól í skókassa var gefinn út af stjórn verkefnisins. Honum var dreift víðsvegar um landið en rafræna útgáfu af bæklingnum má sjá á heimasíðu félagsins: <http://kfum.is/skokassar/prentefni/>.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Nýr mikrafónn: 21.000.-
Nýr mixer: 210.000.-
Nýjar snúrur: 50.000.-
Ný ljós: 350.000.-
Fasteignamat Kaldársels: 160.000.000.-
Nýtt þak: 900.000.-
Ný starfsemi 2.100.000.-
Matarkosnaður sumarstarfs: 900.000.-

Áætlaður tímafjöldi í tæknideild: 2500
Áætlaður tímafjöldi í sumarþúðum: 8000
Áætlaður tímafjöldi í trúnaðarstörfum: 1500

Að fá að læra að tengja snúrur, vinna hljóðvinnslu, setja upp hljóð- og ljósakerfi, læra á tölvur og efla allt tæknilæsi, njóta trausts til að stýra öflugri tæknideild, fá að bera ábyrgð á hamingju barna í heila viku, skipuleggja dagskrá í sumar- og vetrarstarfi, fá að taka þátt í uppbyggingu í Kaldárseli, skipuleggja æskulýðsstarf, taka þátt í starfsmannaráðningum, taka starfsmannasamtöl, reikna út veltu hjá starfsemi með yfir 100 milljónir í ársveltu, vera næsti yfirmaður framkvæmdarstjóra og öðlast mikla reynslu í verkefna- og viðburðastjórnun, vera treyst fyrir stórum verkefnum þrátt fyrir ungan aldur, kynnast mínum bestu vinum og eiginkonu.

Ómetanlegt.

Arnór Heiðarsson

9. Jól í skókassa

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðarstarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Björgvinsdóttir, ritari
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi
Hreinn Pálsson, meðstjórnandi

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna, móttaka á jólagjöfum, samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Stjórn verkefnisins stóð jafnframt að ungmennaskiptum íslenskra og úkraínskra ungmenna á árinu og sótti um styrk til verkefnisins til Evrópu unga fólksins. Ungmenninn frá Úkraínu komu til Íslands í október ásamt Föður Yevgeny. Úkraínski hópurinn gisti í Langholtstírkirku og á Íslandi tóku þau þátt í kynningu á verkefninu, fengu að kynna landi og þjóð og nutu samvita við íslensku ungmennin. Íslensku ungmennin héldu svo út til Úkraínu í lok desember og tóku þátt í dreifingu á jólagjöfunum. Ungmennaskiptin tókust gríðarlega vel.

Að verkefninu kom fjöldi sjálfbóðaliða, líkt og undanfarin ár. Mestur fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt í yfirferð jólagjafa viku fyrir lokaskiladag, sem og á lokaskiladeginum þann 11. nóvember 2017. Þá var fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sem sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum, svara spurningum og sinna móttöku á leikskóla- og grunnskólabörnum sem komu færandi hendi með jólagjafir.

Söfnun gjafa

Árið 2017 var fjórtánda árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 11. nóvember 2017, en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Eins og fyrri ár gekk verkefnið mjög vel.

Alls söfnuðust 5.110 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og kornið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 13. nóvember 2017 var gáminn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í suðurhluta Úkraínu.

Eins og áður gaf Flytjandi flutning á kössum til Reykjavíkur og Eimskip gaf gáminn og flutning hans til meginlands Evrópu.



Þann 31. desember 2017 héldu fulltrúar verkefnisins til Úkraínu til að taka þátt í dreifingu jólagjafanna í Kirovohrad og nágrenni. Fulltrúar verkefnisins voru óvenju margir í ár, eða níu talsins, en hópin skipuðu þátttakendur í ungmennaskiptunum ásamt tveimur farastjórum úr stjórn verkefnisins, Ingibjörgu Valgeirsdóttur og Mjöll Þórarinsdóttur.



Fulltrúar verkefnisins voru við dreifingu jólagjafanna í Úkraínu frá 31. desember til 7. janúar 2018 og afhentu gjafirnar m.a. á munaðarleysingjaheimili, til barna einstæðra mæðra og fjölskyldna sem búa við bágar aðstæður.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Þann 31. desember 2017 héldu fulltrúar verkefnisins til Úkraínu til að taka þátt í dreifingu jólagjafanna í Kirovohrad og nágrenni. Fulltrúar verkefnisins voru óvenju margir í ár, eða níu talsins, en hópin skipuðu þátttakendur í ungmennaskiptunum ásamt tveimur farastjórum úr stjórn verkefnisins, Ingibjörgu Valgeirsdóttur og Mjöll Þórarinsdóttur.

Fulltrúar verkefnisins voru við dreifingu jólagjafanna í Úkraínu til 7. janúar 2018 og afhentu gjafirnar m.a. á munaðarleysingjaheimili, til barna einstæðra mæðra og fjölskyldna sem búa við bágar aðstæður.

Ferðasögu hópsins má nálgast á Facebook síðu verkefnisins sem og á heimasíðu félagsins, www.kfum.is. Fulltrúar KFUM og KFUK í Úkraínu tóku svo við frekari dreifingu jólagjafanna og sáu um að koma þeim í réttar hendur.



10. Vindáshlíð

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur stjórnar Vindáshlíðar var haldinn 7. mars 2017 í félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg. Á fundinn komu 30 konur. Fundastjóri var Ragnhildur Ásgeirsdóttir og fundaritari var Guðrún Nína Pedersen.

Í kjörnefnd voru: Dagný Bjarnhéðinsdóttir og Ásta Björg Þorbjörnsdóttir.

Stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu skipuðu:

Jessica Leigh Andrésdóttir, formaður
 Áslaug Haraldsdóttir, varaformaður
 Gerður Rós Ásgeirsdóttir, gjaldkeri
 Ólöf Birna Sveinsdóttir, varagjaldkeri
 Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, ritari
 Ragnheiður Guðmundsdóttir, vararitari
 Helga Kolbeinsdóttir, kynningafulltrúi

Skoðunarmenn reikninga voru: Ásta Þorbjörnsdóttir og Ragnheiður Arnkelsdóttir.

Á starfsárinu voru haldnir 13 stjórnarfundir: 9 í húsi KFUMog KFUK á Holtavegi 28, 3 hjá MS félaginu á Sléttuvegi 5, 1 í heimahúsi og 1 vinnufundur sem fór fram á Háaleitisbraut 58-60.

Helstu verkefni stjórnar

Almenn stjórn sumarbúðastarfsins er mikið verk og allt unnið í sjálfböðavinnu. Meðal verka eru rekstur og viðhald húsakynna, ráðningar starfsfólks, skipulag sumarstarfs og almennur stuðningur við það, kaffisala og kvennaflokkur, svo nokkur atriði séu nefnd.

Starfsmenn

Hulda Guðlaugsdóttir var ráðin í tímabundna stöðu hjá Vindáshlíð frá 6. mars 2018. Starfshlutfall hennar er 50%.

Starfsemi – sumarstarf

Lýsing sumarstarfs

Daglega var boðið upp á gönguferðir og nánasta umhverfi Vindáshlíðar skoðað. Í hverjum flokki er keppt í brennó og í lokin stendur eitt herbergi

eftir sem brennómeistarar. Einnig er keppt í öðrum íþróttum og leikjum. Margvísleg leiktæki eru í Vindáshlíð sem stúlkurnar sækja í og vinsælt er að útbúa svokölluð vinabönd. Herbergin skiptast samkvæmt hefðum á að sjá um kvöldvökur og er jafnan glatt á hjalla. Mikið er sungið í Vindáshlíð, bæði á kvöldvökum og öðrum skipulögðum stundum. Auk þess eru sungnir fánasöngur, borðsöngur fyrir máltíðir og kvöldsöngur fyrir svefninn.

Í hverjum flokki er guðþjónusta í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð og taka allar stúlkur þátt í undirbúningi hennar með ýmsum hætti. Á hverjum degi er biblíulestur og fræðsla úr Biblíunni.

Hver foring hefur umsjón með einu herbergi og kallast bænakona.

Hver bænakona ber ábyrgð á sínu herbergi og er uppálagt að fylgjast sérstaklega vel með stúlkunum í því herbergi.

Ævintýra- og óvissuflokkar eru haldnir 3–4 sinnum yfir sumarið. Þeir eru ætlaðir eldri stúlkum. Reynt er að hafa þessa flokka ófyrirsjáanlega og spennandi fyrir stúlkurnar.

Sumarið 2017 voru þrír ævintýraflokkar, einn óvissuflokkur og einn flokkur sem nefndur var Skapandi stelpur. Í þeim flokki var lögð áhersla á sköpun og listir.

Flokkar sumarsins voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1.	7.–11. júní	9-11	5	85	
2.	12.–18. júní	11-13	6	35	Ævintýraflokkur
3.	19.–24. júní	10-12	6	68	
4.	26. júní–1. júlí	12-14	6	72	Ævintýraflokkur
5.	3.–8. júlí	10-12	6	89	
6.	10.–15. júlí	9-11	6	45	
7.	17.–22. júlí	11-13	6	34	Óvissuflokkur
8.	24.–29. júlí	10–12	4	57	Skapandi stelpur
9.	31. júlí–1. ág.	13-15	7	8	Unglingaflokkur
10.	8.–12. ág.	11-13	7	31	Ævintýraflokkur
11.	25.–27. ág.	Frá 18 ára	3	48	Kvennaflokkur
12.	8.–10. sept.	Frá 6 ára	3	67	Mæðgnaflokkur

Samtals: 524 stelpur, 72,8% nýting.

Starfsmenn

Forstöðukonur: Ágústa Ebba Hjartardóttir, Gunnfríður Tómasdóttir, Karen Hjartardóttir, Pálína Njarðvík, Sívía Magnúsdóttir.

Ráðskonur: Arna Auðunsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Katrín Inga Hólmsteinsdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Sólrún Ásta Steinssdóttir, Tsige Yirga.

Foringjar: Aldís Helga Björgvinsdóttir, Andrea Anna Arnardóttir, Anna Valsdóttir, Ástrós Sigurjónsdóttir, Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Ásta Ingólfssdóttir, Bergey Flosadóttir, Bjargey Þóra Þórarinsdóttir, Dagrún Linda Barkadóttir, Eirný Sveinsdóttir, Elfa Björk Ágústsdóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Ester Helga Harðardóttir, Gígja Björg Guðjónsdóttir, Gunnhildur Einarsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Helena Hafsteinsdóttir, Hildur Margrét Arnbjargardóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Ingeborg Eide Garðarsdóttir, Íris Andrédóttir, Karen Hjartardóttir, Kristín Högná Magnúsdóttir, Marta Andrédóttir, Pálína Agnes Kristinsdóttir, Pálína Njarðvík, Rebekka Guðbjartsdóttir, Signý Gyða Pétursdóttir, Steinunn Anna Másdóttir, Þórhildur Einarsdóttir.



Aðstoðarforingjar sumarsins voru: Ásta Ísabella Kent, Alice Viktoría Kent, Bína Hrönn Hjaltardóttir, Emma Katrín Jakobsen, Hildur Anna Geirsdóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Rebekka Guðbjartsdóttir.

Ög ekki má gleyma þeim dygga hópi sjálfboðaliða sem kom í vinnuflokka og tók þátt í að gera staðinn tilbúinn til þess að taka við glöðum börnum.

Viðburðir

Kvennaflokkur

Kvennaflokkurinn var helgina 25.–27. ágúst og var yfyrskriftin „Á hljóðu og kyrru kvöldi oft kemur í hugarþel mér“.

Ráðskona var Signý Pétursdóttir og annað starfsfólk var, Anna Peta Guðmundsdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Ester Helga Harðardóttir, Pálína Njarðvík, Kristín Högná Magnúsdóttir og Ingeborg Eide Garðarsdóttir.

Á föstudagskvöldi var kvöldvaka í umsjá Sigrúnar Gísladóttur. Eftir kvöldkaffi var lofgjörðarstund í setustofu í umsjá Helgu Magnúsdóttur. Á laugardagsmorgni var biblíulestur í umsjá sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur. Dagskrá laugardagskvölds var í höndum stjórna Vindáshlíðar, Helga Kolbeinsdóttir endaði kvöldið með hugleiðingu. Á sunnudeginum var messa Hallgrímskirkju í Vindáshlíð, sem Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir sá um.



Mæðgnaflokkur

Mæðgnaflokkur var helgina 8–10. september. Stjórn og skipulag var í höndum Sigurbjartar Kristjánsdóttur og Sigríðar Schram, ráðskönur voru Steinunn Jónsdóttir, María Jónsdóttir og með þeim voru Emillía Brynja Sveinsdóttir og Ester Helga Harðardóttir. Annað starfsfólk voru Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Kristín Sigrún Magnúsdóttir og Ingeborg Eide Garðarsdóttir.

Fyrsti AD-KFUK fundur vetrarins var að venju í Vindáshlíð þann 3. október. Að loknum dýrlegum kvöldverði, sem Hlíðarstjórn sá um var sýnd myndin um flutning kíkunnar frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd til Vindáshlíðar í Kjós. Magnea Sverrisdóttir lauk svo kvöldinu með hugleiðingu.

Ýmsir viðburðir í starfi Vindáshlíðar:

Jólatrjáasala

Jólatrjáasala var haldin í Vindáshlíð 9. desember. Veðrið var gott og þeir sem mættu nutu góðra veitinga og skemmtilegs andrúmslofts.

Árshátíð Hlíðarmeyja

Árshátíð stelpnanna var haldin sunnudaginn 4. febrúar 2018. Starfsfólk sumarsins sá um skemmtiatriði, dregið var í happdrætti og hlustað á

hugleiðingu. Á eftir var svo boðið upp á léttar veitingar. Það var góð mæting (60 stelpur) á árshátíðina.

Vinnuflokkar

Vinnuflokkar voru í maí. Fremur dræm þátttaka var í þeim en það tókst þó að gera Hlíðina tilbúna undir sumarstarfið.

Kaffisalan

Kaffisalan var haldin sunnudaginn 13. ágúst 2017. Veitingar voru í setustofu í gömlu byggingu. Kaffisalan var vel sótt.

Útleiga

Vindáshlíð hefur verið leigð út undanfarin ár að vetrarlagi og hafa ýmsir hópar notfært sér það. Vindáshlíð var þó lokuð frá miðjum nóvember og til 1. mars en kostnaðarsamt er að kynda húsin á þeim árstíma.

Framkvæmdir og starfaðstaða

Hitaveita og ljósleiðari

Settur var ljósleiðari og hiti í bæði aðalhúsið og íþróttahúsið. Pantaðar höfðu verið tvær aðalæðar sem áttu að fara í sitt hvort húsið og átti hvor um sig að kosta 1 og hálfa milljón króna. Með Guðs blessun þurftum við aðeins að borga 1 og hálfa milljón samtals fyrir tvær aðalæðar.

Jón Bj. Jónsson og Jón Jóhannsson fóru yfir stöðu mála varðandi aðstöðuna í Vindáshlíð og settu upp lista yfir þær framkvæmdir sem þarf að fara í á næstunni.

Lokaorð

Hlíðarstjórn færir þakkið fyrir fyrirbærir og góðar gjafir og þakkar öllum sem tekið hafa þátt í starfi Vindáshlíðar á liðnu starfsári með einum eða öðrum hætti. Það er okkur meira virði en orð fá lýst. Guð launi ykkur allan velvilja og hlýjan hug til Vindáshlíðar. Starf Vindáshlíðar er kristniboðsstarf sem þarfnast stöðugt vinnandi og biðjandi handa. Göngum þannig saman í hönd mót nýju starfsári í fótspor Krists.

„Því að þótt fjöllin bifist og hæðirnar haggist mun kærleikur minn til þín ekki bifast og friðarsáttmáli minn ekki haggast, segir Drottinn sem miskunar þér.“ Jesaja 54:10



11. Vatnaskógur

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2017.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi“.

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga“.

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 23. mars 2017.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður

Sigurður Pétursson, varaformaður

Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi

Ólafur Jón Magnússon, ritari

Páll Hreinsson, varagjaldkeri

Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi

Björgvin Hansson, meðstjórnandi

Gísli Guðlaugsson 1. varamaður og vararitari

Nanna Guðný Sigurðardóttir 2. varamaður

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi)

Bjarni Árnason.

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu: 21. janúar, 20. febrúar, 15. mars, 3. apríl, 3. maí, 15. júní, 24. ágúst, 19. september, 18. október, 21. nóvember og 13. desember.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn voru þeir Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri og Þórir Sigurðsson, staðarráðsmaður. Sigurður Jóhannesson var fastur starfsmaður allt árið sem sjálfboðaliði. Auk þeirra starfaði fjöldi fólks með einum eða öðrum hætti fyrir Skógarmenn árið 2017.

Framkvæmdir

Nýbygging

Á árinu var unnið við innréttingar í sal og í anddyri Birkiskála II; dúkur var lagður á gólfíð, loft klædd og haldið var áfram að vinna við raflögn og fleira.

Ný fitugildra

Um sumarið var komið fyrir nýrri fitugildru fyrir Matskálann en sú sem fyrir var virkaði ekki sem skyldi.

Stígar og umhverfi Birkiskála.

Skipt var um undirlag á stígunum út í íþróttahús og hann malbikaður. Um haustið var hellulagt fyrir framan Birkiskála. Einnig var lagður stígur frá nýju bílastæði sem er staðsett við veginn ofan við Matskálann.

Bátaskýlið

Endurnýjun á efri hæðar Bátaskýlisins hélt áfram, lýsing sett upp og hurð endurnýjuð.

Sumarstarf

Flokkar sumarsins 2017 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	
1	9.–13. júní	10–12	5	28	Gauraflokkur
2	14.–19. júní	9–11	6	100	
3	20.–25. júní	10–12	6	100	
4	28. júní –3. júlí	12–14	6	99	Ævintýraflokkur
5	4. – 9. júlí	9–11	6	98	
6	10.–14. júlí	11 – 13	5	98	Stúlknaflokkur
7	15.–20. júlí	11–13	6	59	
8	21.–26. júlí	10–12	6	78	
9	27. júlí –1. ágúst	12–14	6	27	Unglingaflokkur
10	8.–13. ágúst	14–17	6	48	
	25.–27. ágúst	6–99	2	85	
	1.–3. sept.	17–99	2	52	Heilsud. karla

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkun voru 735, fjöldi dvalargesta í feðga- og feðginaflokkum og á heilsudögum karla voru 156 og heildarfjöldi þátttakenda í sumarstarfi Skógarmanna árið 2017 var 891 þátttakendur.

Forstöðumenn:

1. Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
 2. Flokkur: Þráinn Haraldsson og Pétur Ragnarsson
 3. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson
 4. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 5. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 6. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 7. Flokkur: Sigurður Grétar Sigurðsson
 8. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 9. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 10. Flokkur: Arnar Ragnarsson og Guðmundur Karl Brynjarsson
- Feðgaflokkur: Ársæll Aðalbergsson



Foringjar

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir (1 flokkur),
Ástráður Sigurðsson (4 flokkar),
Baldur Ólafsson (3 flokkar),
Benjamín Gísli Einarsson (4 flokkar),
Benjamín Pálsson (4 flokkar),
Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson (1 flokkur),
Birkir Bjarnason (6 flokkar),
Dagur Adam Ólafsson (5 flokkar),
Eiríkur Skúli Gústafsson (3 flokkar),
Gísli Felix Ragnarsson (1 flokkur),
Gríma Katrín Ólafsdóttir (1 flokkur),
Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir (1 flokkur),
Gunnar Thomas Guðnason (1 flokkur),
Guðni Már Harðarson (1 flokkur),
Gunnar Hrafn Sveinsson (7 flokkar),
Hans Patrekkur Hansson (3 flokkar),
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir (1 flokkur),
Hjalti Jóel Magnússon (4 flokkar),
Hrafnhildur Emma Björnsdóttir (1 flokkur),
Ísak Henningsson (1 flokkur),
Jón Ómar Gunnarsson (1 flokkur),
Matthías Guðmundsson (7 flokkar),
Pétur Ragnarsson (1 flokkur),
Pétur Ragnhildarson (1 flokkur),
Þór Binó Friðriksson (2 flokkar),
Þráinn Andreusson (6 flokkar),
Ögmundur Ísak Ögmundsson (5 flokkar).



Á starfsárinu var stígurinn malbikaður frá Birkiskála og fram fyrir íþróttahúsið.

Andyri Birkiskála var flísalagt og þar með komið varanlegt gólfefni á allan skálann.



Formaðurinn gengur í öll verk. Ólafur Sverrisson að störfum.

Norðurhlíð Gamla skála hafði setið eftir þegar skálinn var málaður árið 2016. Því verki var lokið sumarið 2017.

Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar:

Guðjón Gíslason meðferðarráðgjafi,
Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir félagsráðgjafi,
Pétur Óli Pétursson fylgdarmaður,
Sigurbjörg Fjölinsdóttir sálfræðingur,
Tómas Kristjánsson sálfræðingur,
Þorsteinn Otti Jónsson meðferðarráðgjafi.

Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Stýrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri.

Ráðsmenn og vinnumenn

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir komu þau Gríma Katrín Ólafsdóttir og Matthías Guðmundsson að vinnu við umhirðu staðarins hluta af sumri. Einnig komu fjölmargir sjálfboðaliðar að viðhaldi og umhirðu staðarins, þar af nokkrir í vikutíma.

Eldhússtjórnun

Haukur Árni Hjartarson (1 flokkur), Hugufrún Hansdóttir (2 flokkar), Ingibjörg L. Friðriksdóttir (6 flokkar), Valborg Rut Geirsdóttir (1 flokkur) Unnur Rún Sveinsdóttir (1 flokkur).

Eldhústarfsfólk

Anna Laufey Halldórsdóttir (3 flokkar),
Agnes Þorkelsdóttir (2 flokkar),
Bergey Flosadóttir (1 flokkur),
Benjamín Gísli Einarsson (1 flokkur),
Birta Lind Guðmundsdóttir (2 flokkar),
Davið Guðmundsson (1 flokkur),
Einar Páll Pálsson (1 flokkur),
Fannar Hannesson (1 flokkur),
Gríma Katrín Ólafsdóttir (1 flokkur),
Gunnhildur Einarisdóttir (7 flokkar),
Hjalti Jóel Magnússon (2 flokkar),
Harpa Vilborg Schram (3 flokkar),
Hugufrún Helgadóttir (1 flokkur),
Ingibjörg Löreley Friðriksdóttir (1 flokkur),
Kristín Sigrún Magnúsdóttir (1 flokkur),
Kristín Gyða Guðmundsdóttir (1 flokkur),
Sara Lind Sveinsdóttir (3 flokkar),
Sandra Björk Jónasdóttir (1 flokkur),
Salóme Pálsdóttir (2 flokkar),
Unnur Rún Sveinsdóttir (2 flokkar),
Unnur Ýr Kristinsdóttir (1 flokkur).

Sjálfboðaliðar

Nokkrir af afantöldum starfsmönnum voru sjálfboðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Skógarmanna hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski og umhirðu staðarins í sjálfboðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfboðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við nýbygginguna, skógrækt og fleira.



Í framhaldi af malbikunarframkvæmdum var portið við Birkiskála hellulegt upp á nýtt.

Viðburðir í starfi Skógarmanna

Fjölskylduflokkur

Fjölskylduflokkur var í febrúar. Þátttakendur voru 68 manns.

Feðgaflokkur

Í lok sumars var feðgaflokkur í boði fyrir feður og syni. Þátttakendur voru 85 talsins.

Sæludagar

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímulusri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 2017. Á milli 900 - 1000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Ögmundur Ísak Ögmundsson stýrði undirbúningi. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og ljóst er að þessi stærsti árlegi viðburður Skógarmanna hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem valkostur fyrir fjölmarga um verslunarmannahelgina.

Heilsudagar karla

Helgina 1. til 3. september voru Heilsudagar karla í Vatnaskógi, oft nefndir Karlaflokkur. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu fjallaði Þórir Guðmundsson frá Rauða krossinum um málefni flóttafólks og sagði frá ferð sinni með björgunarskipi um Miðjarðarhaf.



Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímalausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 2017. Á milli 900–1000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi.

Á laugardegnum var biblíulestur í umsjón sr. Valgeirs Ástráðssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna þökulögn og frágang við nýmbikaðan stíg. Haldið var áfram við að mála Gamla skála, unnið í raflögnum, innréttingavinna ofl. í Birkiskála II, gróðursetning, sögun eldiviðar, þrif, skiltagerð ofl.

Á sunnudeginum var haldið í messu í Borgarneskirkju þar sem sr. Þorbjörn Hlynur Árnason prófastur þjónaði fyrir altari. Alls tóku 52 karlmenn þátt í Heilsudögum 2017 auk nokkurra gesta sem heimsóttu staðinn þessa daga. Björgvin Hansson, Ólafur Sverrisson og Páll Skaftason sáu um skipulagningu Heilsudaganna.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í tíunda sinn. Af því tilefni var haldin stutt ráðstefna um verkefnið og hvernig það kom til. Í ár voru 28 drengir þátttakendur í flokknum. Starfsmenn voru mun fleiri en í hefðbundnum flokki og dagskráin var í samræmi við þarfir drengjanna.

Leikskólar

Í maí komu leikskólahópar ýmist í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Skógarmanna skipulögðu og stýrðu. Einn hópur dvaldi í Ölveri. Alls komu 587 leikskólabörn vorið 2017.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarþúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 2. mars 2017.

Stínusjóður

Snemma á árinu var settur á laggirnar sjóður sem hefur það hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhagsaðstæðna heima fyrir. Fékk sjóðurinn nafnið Stínusjóður til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur, ráðskonu í Vatnaskógi í áratugi. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá einstaklingum og er það mikið þakkarefni hve vel hefur gengið að fá framlög í sjóðinn.

Þakkargjörðarhátíð

Í lok starfsársins 2017, þann 24. nóvember, var starfsfólki ársins boðið í kvöldverð og dagskrá í Vatnaskógi þar sem því var þakkað fyrir vinnuframlag sitt.

Fermingarnámskeið og skálaleiga

Fermingarnámskeið

Um haustið og veturinn komu hópar tilvonandi fermingabarna á fermingarnámskeið.

Námskeiðin voru allt frá því að vera dagsnámskeið til fimm daga námskeiða. Námskeiðin voru í umsjón Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu.

Árið 2017 komu samtals 2195 unglingar á 33 námskeið.

Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru Ársæll Aðalbergsson, sem einnig sá um undirbúning og skipulag, Gísli Guðlaugsson, Jón Grétar Þórsson, Magnús Magnússon og Sigurður Grétar Sigurðsson.

Fastir starfsmenn á fermingarnámskeiðunum voru Gísli Guðlaugsson, Dagur Adam Ólafsson, Tinna Dögg Birgisdóttir, Sigrún Dóra Jóhannsdóttir og Þráinn Andreusson.

Starfsmenn í eldhúsi á fermingarnámskeiðunum voru Jóna Guðrún Sigurgeirsdóttir og Ragnheiður Guðmundsdóttir.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi.

Hópar sem komu árið 2017:

Skólar af höfuðborgarsvæðinu: Nokkrir skólar komu og tóku þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar. KFUM og KFUK: Landsmót æskulýðsstarfsins (Friðriksmót). miðnæturiþróttamót, leiðtoganámskeið, vorferð yngri deilda starfsins. Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar: Febrúarmót ÆSKR, TTT-mót ÆSKR og fleiri hópar úr safnaðarstarfi kirkjunnar. Kristileg skólasamtök: Vorskólamót. Aðrir hópar: Landsbjörg ungmennamót, Hjálpræðisherinn ofl.

Fjáröflun – styrkir

Kaffisala og tónleikar

Kaffisala til styrktar Skálasjóði var haldin á Sumardaginn fyrsta. Fjölmargir komu og studdu við framkvæmdir í Birkiskála II, ýmist með því að gefa veitingar á kaffisöluna eða með því að greiða fyrir aðgang að kaffihlaðborðinu. Um kvöldið voru haldnir styrktartónleikar fyrir Skálasjóð. Fram komu félagar úr hljómsveitinni Omotrack, Karlakór KFUM og Kristján Kristjánsson (KK).

Línuhappdrætti Skógarmanna

Á Sælundögum um verslunarmannahelgina hófst sala á „línur“ í línuhappdrætti Skógarmanna til stuðnings Skálasjóði eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram á Heilsudögum karla en þá höfðu allar 500 línurnar sem í boði voru verið seldar.

Fjáröflun meðal fyrirtækja

Bakland Birkiskála er heiti á fjáröflun meðal fyrirtækja til stuðnings nýbyggingunni. Söfnunin hefur staðið yfir í nokkur ár og hafa fjölmörg fyrirtæki gengið til liðs við verkefnið sem fólst í því að styðja við nýbygginguna í þrjú ár. Framlög þeirra, auk styrkja og gjafa einstaklinga lögðu grunninn að því að senn stefnir í verklok vorið 2018. Nú er unnið að því að fá stuðning fyrirtækja á lokaspretti framkvæmdanna.

Herrakvöld KFUM

Herrakvöld aðaldeildar KFUM var haldið 2. nóvember. Meðal þeirra sem komu fram var skemmtikrafturinn Ari Eldjárn. Allur ágóði rann til nýbyggingarinnar í Vatnaskógi.

Stuðningur/styrkir:

Vegna framkvæmda við Birkiskála:

- Kirkjuráð
- Nokkrir söfnuðir Þjóðkirkjunnar
- Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar
- Bakland Vatnaskógar - fyrirtæki lögðu verkefninu lið
- Gjafir einstaklinga með mánaðarlegum framlögum og einnig einstakar gjafir

Vegna sumarbúða með sérþarfir:

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Velferðarráðuneytið
- Forvarnasjóður Embættis Landlæknis

Vegna Stínusjóðs:

- Gjafir velunnara, meðal annars stórgjöf eins einstaklings

Eignarhaldsmál

Unnið var að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Davíð Örn Sveinbjörnsson hefur leitt þá vinnu og er stjórn Skógarmanna vongóð um að málin skýrist fljótlega og málið fari í farsælan farveg.

Lokaorð

Starfsárið 2017 var viðburðaríkt í Vatnaskógi. Það var ánægjulegt að sjá fjölda þátttakenda í sumarstarfi aukast milli ára þriðja árið í röð. Fjáröflun fyrir Skálasjóð gekk vel. Þar að auki skilaði reksturinn afgangi sem mun nýtast til annarra viðhaldsverkefna. Í ágúst varð mikil breyting á staðnum þegar stígurinn að íþróttahúsinu var malbikaður. Útkoman er mikil staðarþrýði, auðveldar aðgengi, minnkar óþrif og býður upp á nýja möguleika til leikja.

Verklök Birkiskála eru áætluð á vordögum 2018 og til stendur að halda verklokahátíð í maí í Vatnaskógi. Hátíðin er hluti af hátíðardagskrá í tilefni af því að 150 ár eru liðin frá fæðingu sr. Friðriks Friðrikssonar. Eldmóðurinn sem einkenndi líf sr. Friðriks hefur verið Skógarmönnum innblástur og hvetur okkur að missa ekki sjónar á markinu; að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og útbreiða ríki hans.

Eftir verklök við Birkiskála II verður sjónum beint að kostnaðarsömum viðhaldsframkvæmdum við eldri hús staðarins og er horft fyrst til Matskálans. Einnig er unnið að því að auka nýtingu staðarins á ársgrundvelli og eflingu sumarstarfsins.

Stjórn Vatnaskógar er afar þakklát fyrir framlag sjálfbóðaliða og starfsmanna í Vatnaskógi og fyrir gjafir og styrki sem einstaklingar, félög og yfirvöld hafa veitt staðnum. Án alls þessa væri ómögulegt að þjónusta þá þúsundir einstaklinga sem um staðinn fara á hverju ári. Það verður seint hægt að sýna öllum þeim sem koma að starfi Vatnaskógar verðskuldað þakklæti en það er þó ávallt ofarlega í huga stjórnar. Sérstaklega þökkum við þeim sem biðja fyrir Vatnaskógi og starfinu þar. Það er ekki að ástæðulausu að vernd og blessun Guðs hefur verið yfir starfinu frá upphafi. Höldum áfram með bæn og trú að vopni. Skógarmenn! Áfram að markinu!



12. Ölver

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur

Aðalfundur Ölvers var haldinn fimmtudaginn 8. mars 2017 að Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og sátu 23 manns fundinn. Fundarstjóri var Sigurbjörn Þorkelsson og fundarritari Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir. Endurskoðaðir reikningar og ársskýrsla voru lögð fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt munnlega af Guðna Má Harðarsyni. Í kjörstjórn sátu þær Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir og Sandra Björk Jónasdóttir. Kosið var um tvo menn í aðalstjórn og tvo í varastjórn. Fráfarandi stjórnarmeðlimum var þakkað fyrir vel unninn störf og voru þeir leystir út með gjöfum. Þá var kjörinn skoðunarmaður reikninga.

Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2017-2018 var þannig skipuð:

- Erla Björg Káradóttir, formaður.
- Aníta Eir Einarsdóttir, ritari.
- Erna Björk Harðardóttir, gjaldkeri.
- Hrafnhildur Garðarsdóttir stjórnarmaður.
- Þóra Björg Sigurðardóttir, stjórnarmaður.
- Alla Rún Rúnarsdóttir, varamaður.
- Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, varamaður.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2017 – 2018 voru Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Drífa Kristín Sigurðardóttir.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru sjö. Þeir voru haldnir þann 20. mars 2017, 24. apríl 2017, 21. september 2017, 12. október 2017, 15. nóvember 2017, 10. janúar 2018 og 8. febrúar 2018.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira.

Stjórnin tók þá ákvörðun að ráðast í miklar og þarfar framkvæmdir á húsinu, en ákveðið var að endurnýja þrjú af svefnherbergjum hússins og laga ræstiaðstöðuna. Réð stjórnin Jón Jóhannsson smið og Láru Dröfn Gunnarsdóttur arkitekt til verksins.

Sumarstarf

Flokkar

Það voru samtals 405 börn sem dvöldu í Ölveri sumarið 2017 og voru 66 stúlkur á biðlista. Boðið var upp á fjölbreyttar tegundir flokka í Ölveri, þannig að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Leikjaflokkar og ævintýraflokkar voru á sínum stað og elstu og yngstu stúlkurnar gátu farið í unglingaflokk og krílaflokk. Boðið var uppá einn flokk fyrir stráka, þjakkaflokk. Í annað skiptið í röð var boðið upp á svokallaðan Fókusflokk, þar sem áherslan var meðal annars lögð á sjálfsefningu, sjálfstraust og góð samskipti, þessi flokkur lofar mjög góðu og fer sívaxandi. Þetta árið var áætlað að bjóða uppá kvennaflokk en því miður þurfti að fella hann



niður vegna ónógrar þátttöku. Skráningin í dvalarflokkana fór fram úr öllum vonum og má segja að hún verði varla betri. Börnin voru send heim með bækling með lagatextum, biblíuversum og kveðju frá bænakonunni/manninum sínum. Ölversbolirnir voru seldir í öllum litum þetta sumarið.

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Þjakkaflokkur	9.-11. júní	6-9 ára	14	46,7%
2. Ævintýraflokkur	12.-18. júní	10-12 ára	46	100%
3. Listaflokkur	20.-25. júní	9-12 ára	46	100%
4. Leikjaflokkur	26.-30. júní	8-10 ára	46	100%
5. Ævintýraflokkur	3.-9. júlí	10-12 ára	46	100%
6. Leikjaflokkur	10.-14. júlí	8-10 ára	46	100%
7. Unglingaflokkur	18.-23. júlí	13-15 ára	44	95,7%
8. Fókusflokkur	25.-30. júlí	10-12 ára	30	100%
9. Krílaflokkur	31. júlí-3. ágúst	6-8 ára	30	100%
10. Ævintýraflokkur	8.-13. ágúst	10-12 ára	46	100%

Starfsmenn

Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumur. Það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsmenn, sem sáu til þess að dvölin varð skemmtileg, lærdómsrík og eftirminnileg.

Forstöðukonur og forstöðumenn voru Guðni Már Harðarson, Alla Rún Rúnarsdóttir, Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Brynja Vígðís Þorsteinsdóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Hafdís María Matsdóttir, Kristín Hákonardóttir og Svava Sigríður Svavarsdóttir.

Ráðskonur voru Erla Björg Káradóttir, Erna Björk Harðardóttir, Kristín Hákonardóttir, Aðalheiður M. Steindórsdóttir, Huguín Helgadóttir, Þóra Björg Sigurðardóttir, Aníta Eir Einarisdóttir og Hrafnhildur Garðarsdóttir.

Bakarar voru Aníta Eir Einarisdóttir, Aðalheiður M. Steindórsdóttir, Daria Rudkova, Hildur Kjartansdóttir, Sara Líf Sylviúðóttir, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Irena Rut Jónsdóttir og Viktoría Hrafnhildardóttir.

Foringjar voru Jóhanna Elísa Skúladóttir, Ísak Henningsson, Ársæll Aðalbergsson, Hrafnhildur Emma Björnsdóttir, Sara Líf Sylviúðóttir, Aldís Ísabella Fannarsdóttir, Birta Lind Guðmundsdóttir, Viktoría Ásgeirsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Inga Steinunn Henningsdóttir, Þórhildur Einarisdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Sandra Björk Jónasdóttir, Agnes



Porkelsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir, Daria Rudkova, Messíana Halla Kristinsdóttir, Íris Andrésdóttir, Marta Andrésdóttir, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Viktoría Hrafnhildardóttir, Huguín Helgadóttir, Margrét Jónsdóttir og Ásthildur Guðmundsdóttir.

Sjálfboðaliðar voru Sara Guðfinnsdóttir, Anna Birna Kjartansdóttir, Margrét Helga Kristjánsdóttir, Þórdís Katla Sverrisdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Sigríður Rakel Gunnarsdóttir, Unnur Eir Guðbjörnsdóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir, Ísabella Ýr Héðinsdóttir, Anna Pálsdóttir, Eva Pétursdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Tekla Rögn Ólafsdóttir, Andrea Rut Halldórsdóttir, Katrín Lea og Helena Rós.

Ýmsir viðburðir í starfi Ölvers

Pakkargjörðarhátíð

Þann 22. nóvember 2017 var haldin pakkargjörðarhátíð uppi í Ölveri. Velunnurum og starfsfólki Ölvers var boðið í dýrindis pakkargjörðarmáltíð og mikil veisluhöld. Gjafir voru færðar þeim velunnurum og sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt og ómetanlegt starf fyrir staðinn. Ingólfi Þorbjörnssyni var m.a. þakkað fyrir að hafa séð um hitaveitureikninga fyrir í Ölver í hátt í 30 ár! Allir gestir kvöldsins fóru út með þakklætisgjöf frá stjórninni en stjórnin lét útbúa kerti sem á var letrað „Í þér sjáum við ljós“ sem er tilvísun í einkunnarorð Ölvers. Þetta kvöld var vel heppnað, þar sem starfsfólk og sjálfboðaliðar fengu tækifæri til að hittast, spjalla saman og rífa upp góðar minningar.

Kaffisala

Gestir á hinni árlega kaffisölu Ölvers, sem haldin var 20. ágúst, voru 242. Skipulagning kaffisölnnar var í höndum Erlu Bjargar Káradóttir, Þóru Bjargar Sigurðardóttur, Hrafnhildur Garðarsdóttur og Ernu Bjarkar Harðardóttur. Fjölmargir velunnarar reiddu fram kræsingar og sáu til þess að dagurinn heppnaðist frábærlega. Veðrið var eins og best var á kosið.

Vetrarleiga

Ýmsir hópar nýttu sér aðstöðuna í Ölveri yfir vetrartímann og um vorið. Opnað var fyrir þann möguleika að hópar gætu leigt staðinn í maí sem gafst vel. Hópar sem nýttu sér fallega vordaga voru meðal annars leikskólabörn og skólabörn úr Hjallastefnunni. Staðurinn var svo að mestu leyti lokaður fyrir vetrarleigu vegna framkvæmda á staðnum sem hófust í nóvember. Þuríður Þórðardóttir annaðist umsjón vetrarleigunnar eins og fyrri ár og á hún okkar dýpsta þakklæti fyrir ómetanlegt starf.

Framkvæmdir á húsinu

Á síðasta starfsári Ölvers var haldinn stefnumótunarfundur, þar sem stjórn og velunnarar Ölvers hittust og settu sér markmið og mótuðu saman framtíðarsýn. Það sem var efst á lista varðandi framkvæmdir var að laga herbergið Hlíðarver. Stuttu seinna gerðist kraftarverk. Ölver fékk stóra peningagjöf sem gerði það að verkum að möguleiki opnaðist fyrir þessar endurbætur. Svo mikill var hugurinn í fólki að ákveðið var að ráðast í endurbætur á þremur herbergjum á neðri hæðinni (Hlíðarveri, Lindarveri og Skógarveri) og bættist Ræstiver einnig við. Lára Dröfn Gunnarssdóttir arkitekt og Jón Jóhannsson smíður voru ráðin til verksins. Jón vinnur mikið að verkefninu sjálfur ásamt rafvirkjum, pípurum og fleiri verktökum og svo má ekki gleyma okkar frábæru velunnurum og sjálfbóðaliðum sem hafa lagt á sig ómælda vinnu og hjálpað mikið til.

Ræstiver: Rangur vatnshalli var á herberginu og gólf of hátt þannig að það var brotið burt og fjarlægt að öllu. Plata einangruð samkvæmt reglugerð, járnabundin og steypt að nýju og flotuð með réttum vatnshalla og réttum gólfkvóta. Endurnýja þurfti hluta af timburverki í útvegg vegna fúa og bleytu. Einnig þurfti að endurnýja timburverk fremst í ræstiveri vegna fúa. Opna þarf vegg að utan til að koma í veg fyrir áframhaldandi leka og eins músagang. Settur var nýr gluggi, við smíði hans var tækifærið notað til að stækka opnanlega fagið. Gera þarf við burð í lofti, eins þarf að vinna tengingu við rakasperru á efri hæð. Ræstiveri verður

skipt í tvennt með rennihurð, í innri helmingi verður snyrting með sturtu fyrir starfsmenn. Í fremri helmingi verður ræstirými. Ný hurð verður sett á herbergið. Við framkvæmd í ræstiverinu var tækifærið notað og lagnir endurnýjaðar inn í eldhús, og eins voru nýjar lagnir lagðar í ræstivask, sturtu, wc og vask. Einnig var tækifærið notað til að leggja nýjar lagnir í snyrtingu á efri hæð og eins er gert ráð fyrir að hægt verði að setja upp öryggisniðurfall í því herbergi þegar það verður tekið í gegn. Rafmagn var hannað og endurnýjað miðað við breytta og endurbætta notkun rýmisins. Rafmagnstafla verður endurnýjuð.

Birkiver: Ný hurð úr eldtefjandi efni sett, hurðarveggur endurnýjaður þar sem hann stenst ekki burð og eins er hann of mjór fyrir hurðarkarm. Bráðabirgðatenging verður við „bröskuld“ þar til herbergið verður endurnýjað og gólfíð rétt af. Settur var innfeldur reykskynjari.

Skógarver: Nýr gluggi, gólf flotað, bitar í lofti styrktir með 12mm krossviði, herbergið einangrað og hljóðvist bætt, kompan tekin burt, nýjar kojur og nýtt parket, lesljós koma yfir öll rúm, málað, hurðarop endurnýjað og fært til og stækkað fyrir nýja 80 cm hurð.

Lindarver: Nýr gluggi, gólf flotað, bitar í lofti styrktir með 12mm krossviði, nýtt parket, nýjar kojur, málað, herbergi einangrað og hljóðvist bætt, lesljós yfir öll rúm, hurðarop endurnýjað og fært til og stækkað fyrir nýja 90 cm hurð.

Hlíðarver: Nýr gluggi, gólf flotað, bitar í lofti styrktir með 12mm krossviði, veggur að ræstiveri réttur af, nýtt parket, nýjar kojur, málað, herbergi



Umtalsverðar framkvæmdir hafa átt sér stað á neðri hæð hússins í Ölveri. Fjöldi sjálfbóðaliða hafa komið að verkinu sem stýrt er af Jóni Jóhannssyni yfirsnið.



einangrað og hljóðvist bætt, lesljós yfir öll rúm, hurðarop endurnýjað og fært til og stækkað fyrir nýja 80 cm hurð.

Gangurinn á neðri hæðinni: Flísar við enda gangs voru fjarlægðar og gólf lækkað fyrir framan snyrtingarnar. Gólfíð var síðan flotað allt frá snyrtingunum við inngang fram að ræstiveri. En þar tekur við timburgólf þar sem þurfti að styrkja og rétta af gólfbita og músapétta gólf. Settur verður nýr gólfdukur á allan ganginn allt fram að matsal.

Við endurnýjun á gólfí var tækifærið notað og lagðar nýjar lagnir sérstaklega að snyrtingunum við enda gangsins, þar með eru snyrtingarnar á sér lögn sem eykur öryggi og þægindi ef til dæmis þarf að taka vatnið af ræstiveri eða á snyrtingu á efri hæð, til dæmis þegar það verður endurnýjað.

Músaeinangrun, áhersla var lögð á að músapétta húsið eins vel og mögulegt væri. Þar með talið að músaeinangra hið endurnýjaða rými frá öðrum rýmum. Mýsna finna sér hinar ólíklegustu leiðir og eru kræfar. Ofnagagnir endurnýjaðar í öllum nýjum rýmum og gengið þannig frá að auðvelt er að halda þeirri endurnýjun áfram eftir áföngum. Einn nýr ofn keyptur en aðrir ofnar notaðir aftur. Frostlögur endurnýjaðir á ofnakerfi. Rafmagn og brunakerfi - var lagað og bætt. Fjarlægð voru járnrafmagnsrör í gólfi, loftum og veggjum. Rafmagnstafla í geymslu í Skógaveri fjarlægð. Rafmagnstafla í Ræstiveri stækkuð og komið þar fyrir 3 fasa rafmagn. Eins og mörg okkar þekkja þá hefur í gegnum tíðina verið byggt við Ölver og hefur það birt mismunandi vinnubrögð og vinnulag hvers tíma fyrir sig og stundum einkennst af bót yfir aðra bót. Þetta vildum við stöðva, enda stenst þetta ekki reglugerðir, getur verið hættulegt og síðast en ekki síst óþægilegt/óhentugt varðandi notkun hússins. Þessar „bætur“ komu vel í ljós í rafmagninu og reyndi því á fagkunnáttu, faglegheit og útsjónarsemi Geirlaugs Inga Sigurbjörnssonar. Brunakerfi var utanálíggjandi en með þessum framkvæmdum tókst að gera allt innbyggt nema síðasta spólinn frá reyskynjara í Birkiveri að stjórnstöð. Það verður gert þegar Birkiver og aðalanddyri verða endurnýjuð.

Gluggar- eru íslensk framleiðsla frá Hallgrími í GK-gluggum á Hellu og hefur samstarfið við hann verið farsælt. Sama má segja um Halldór í Glertækni, en glerið er frá Glertækni í Mofellsbæ, þar á bæ hefur náðst mjög góður árangur bæði varðandi hljóð- og varmagildi og að glerið grátí ekki. Sólbekkir verða sérsmiðaðir frá Fantófélli í Reykjavík. Einangrun- öll eldri einangrun hvort heldur var steinull eða plast var fjarlægð og sett ný einangrun, steinull, samkvæmt reglugerð. Rakaserra - er við útveggi en rykserra í lofti.

Klæðningar – allar klæðningar endurnýjaðar. Á veggj eldtefjandi spónaplötur 12mm, í loft 12mm Kortplank gipsplötur. Undir parketrönd upp veggj eru eldtefjandi spónaplötur.



Fagmenn sem unnið hafa við verkið ásamt Jóni Jóhannssyni eru Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson rafvirki, Birkir Guðjónsson, Magnús Ingólfsson og Guðjón Jónsson píparar, Haraldur Friðriksson smiður, Sigurður Mýrdal málari og dúkari, Birgir Nikulásson og Símon Kristinn smiðir. Múrari var Gylfi Einarsson. Tæknilegur ráðgjafi var Runólfur Sigurðsson, ráðgjöf varðandi bruna og eldvarnarmál, Práinn Ólafsson slökkviliðsstjóri á Akranesi og eldvarnareftirlitsmaður. Kári Geirlaugsson hefur séð um málningu, Páll Skaftason, Jarle Reiersen og Guðlaugur Gunnarsson hafa hjálpað til við smíðar ásamt fjöldanum öllum af sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf og viljum við þakka þeim fyrir ómetanlega hjálp.

Framkvæmdum er ekki lokið en stefnt er að klára alla þessa ofangreindu þætti til fulls fyrir sumarstaðið.

Viljum við koma á framfæri okkar dýpsta þakklæti til Jóns Jóhannssonar sem hefur unnið verkið af mikilli natni, fagmennsku og umhyggju fyrir staðnum. Allt samstarfið við hann hefur verið eins og best er á kosið og einkennst af miklu trausti, góðum samskiptum og samvinnu.

Fjárafilanir og gjafir

Hlaupið fyrir Sveinusjóð

Að venju tóku nokkrir hlauparar þátt í maraþoni Íslandsbanka í ágúst og hlupu til styrktar Sveinusjóði, en markmið sjóðsins er að safna fyrir nýjum leikskála við Ölver. Greidd áheiti í Sveinusjóð árið 2017 voru 74.132 kr.

Sörubakstur og makkarónur

Sörubaksturinn þetta árið var haldinn 5. nóvember að heimili Erlu Bjargar Káradóttur. Salan á sörum og makkarónum er stór hluti af fjáröflun samarbúðanna og seljast þær upp á fyrstu mínútunum. Erna Björk Harðardóttir var yfirmaður baksturs þetta árið og sá um skipulagningu og framkvæmd ásamt Kristbjörgu Heiðrúnu Harðardóttur og öðrum góðum konum.

Gjafir

Allnokkrir velunnarar gefa Ölveri fastar peningagjafir mánaðarlega, áætluð næsta starfsárs er að fá fleiri velunnara til að gera slíkt hið sama. Ölver fékk peningagjöf upp á fimm milljónir íslenskra króna fyrir uppbyggingu staðarins.



13. Hólavatn

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldinn 6. mars 2017.

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuðu:

Jón Ómar Gunnarsson, formaður
 Jóhann Þorsteinsson, varaformaður
 Arnar Yngvason, gjaldkeri
 Hreinn Andrés Hreinsson, meðstjórnandi
 Þórður Danielsson, meðstjórnandi
 Pétur Ragnhildarson, varamaður
 Jóhanna Sigurjónsdóttir, varamaður og ritari

Skoðunarmenn reikninga voru:

Gísli Örn Bjarnhéðinsson
 Þorsteinn Arnórsson

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 6 og fóru 4 fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð, einn í Rimasíðu 2 og einn í Klettatúni 11. Auk þess sótti formaður þrjá sameiginlega formannafundi sumarbúðanna í Reykjavík.

Verkefni stjórnar snéru mest að undirbúningi og skipulagi sumarstarfsins. Nokkur fyrirhöfn var í að finna starfsfólk fyrir sumarið og þá sérstaklega í stöðu matræðs. Á aðalfundi 2017 kynnti stjórn Hólavatns niðurstöður

stefnumótunarvinnu 10-3-1 sem farið var í að frumkvæði og beiðni stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi. Það má því segja að verkefni stjórnar hafi á starfsárinu markast nokkuð af þeirri markmiðasetningu og bæði á haustmánuðum og nú rétt fyrir aðalfund hefur stjórnin litið yfir þau verkefni sem stefnt skal að og metið stöðuna. Hér að neðan eru tilgreind markmið til þriggja ára og þær aðgerðir sem fara átti í á liðnu starfsári. Mat á stöðu verkefna í lok febrúar fylgir með ársskýrslunni.

Starfsmenn:

Forstaða: Jón Ómar Gunnarsson og Pétur Ragnhildarson. Ráðskonur: Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Berglind Ólóf Sigurvinsdóttir, Brynhildur Bjarnadóttir, Guðrún Ásgrímsdóttir, Pálína Jóhannesdóttir, Pollý Rósa Brynjólfssdóttir, og Telma Ýr Birgisdóttir.

Foringjar: Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Halla Messíana Kristinsdóttir, Herdís Birna Gunnarsdóttir, Guðný Helga Lárusdóttir, Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Kristín Gyða Guðmundsdóttir, Samúel Örn Pétursson, Sigríður Marta Andrésdóttir, Pálína Agnes Kristinsdóttir og Þórður Danielsson.

Aðstoðarforingjar: Anna Pálsdóttir, Brynjólfur Skúlason, Dóróthea G. Bin. Örnólfssdóttir, Elmar Atli Arinbjarnarson, Ríkharður Ólafsson, Sara Rut Jóhannsdóttir og Trausti Jónsson.

Ráðsmaður: Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Guðmundur Guðmundsson.

Markmið til þriggja ára

Taka til endurskoðunar starfsmannahandbók Hólavatsns sem gefin var út 2010.
Leita leiða til að auka fjölbreytni í boðun og fræðslu með áherslu á tengingu við umhverfi og náttúru.
Ljúka við hönnun á nýju forstöðumannshúsi, frágangi lóðar og íþróttasvæði ásamt yfirlitskorti af svæðinu.
Festa í sessi námskeið fyrir fermingarbörn að hausti með fleiri þátttakendum.
Markmið til þriggja ára verði endurskoðuð með hliðsjón af því sem hefur áunnist.

Verkefni ekki hafið	Verkefni komið af stað	Verkefni lokið
	X	
	X	
X		
	X	
	X	

Aðgerðir næsta árs (starfsárið 2017-2018)

Mála nýbyggingu að utan
Hefja framkvæmdir við bátaskýli
Skoða viðhald á skorstein og fá múrara til að meta.
Kanna möguleika á ráðningu ráðsmanns yfir sumartímann og semja starfslýsingu.
Útbúa 6 holu Folfvöll á íþróttasvæðinu.
Bregðast við aðalskoðun leiktækja og gera nauðsynlegar breytingar.
Smíða völl fyrir Gaga bolta og finna honum stað.
Fótboltavöllurinn verði sleginn á tveggja til þriggja vikna fresti í sumar.
Vinna að endurskoðun á vaktaplani og innra skipulagi starfs í samráði við forstöðufólk sumarsins.

Verkefni ekki hafið	Verkefni komið af stað	Verkefni lokið
		X
X		
	X	
	X	X
	X	X
X		
		X
	X	

Sumarstarf á Hólavatni 2017

Flokkar sumarsins 2017 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Fjöldi
1	Frumkvöðlafl.	8.–10. júní	7 til 9 ára
2	Flokkur KVK	12.–16. júní	8 til 11 ára
3	Flokkur KVK	19.–23. júní	8 til 11 ára
4	Flokkur KK	26.–30. júní	8 til 11 ára
5	Ævintýrafl. KK	3.–7. júlí	11 til 14 ára
6	Ævintýrafl. KVK	10.–14. júlí	11 til 14 ára
7	Listafll. KVK	17.–21. júlí	9 til 12 ára
8	Meistarafll. bæði	24. –28. júlí	13 til 16 ára
		Samtals:	243

Yfirlit starfs

Sumarið 2017 var boðið upp á átta dvalarflokka. Aðsókn var góð og nýtingin um 92% af auglýstum plássum. Það var mikið þakkarrefni að vel tókst að fá starfsfólk í alla flokka sumarsins en þó gekk nokkuð brösulega að finna matráð. Heilt yfir má segja að sumarið hafi gengið vel, börnin ánægð og engin slys. Mikið munaði um stöðu ráðsmanns en þetta er fyrsta sumarið sem slík staða er á Hólavatni.

Við sem störfum í stjórn Hólavatsns sjáum svo vel hve mikils virði það er þegar hæfileikaríkt og ungt fólk gefur kost á sér til sumarstarfa á Hólavatni og erum við öllu þessu góða fólk þakklát fyrir þeirra störf fyrir Hólavatni.

Árleg kaffisala

Árleg kaffisala sumarþúðanna Hólavatni fór fram sunnudaginn 20. ágúst kl. 14.30–17.00. Fjöldmargt var í boði fyrir alla fjölskylduna, útileiktæki, bátar o.fl.

Ánægjulegur dagur fyrir alla vini og velunnara Hólavatsns og mikilvægur þáttur í fjáröflun fyrir staðinn því tekjur af kaffisölunni námu um 330 þúsund krónum.



Helstu framkvæmdir á starfsárinu voru að nýbyggingin var máluð að utan og var verkstjórn og vinna að langmestu leiti í höndum Guðmundar Ómars Guðmundssonar en hann gaf jafnframt alla málningu til verksins.



Aðrir liðir í starfi Hólavats

Fermingarnámskeið

Í ágúst var boðið upp á þrjú fermingarnámskeið, en þrír hópar komu frá Glerárkirkju. Starfsmenn á námskeiðunum voru Eydís Ösp Eyþórsdóttir, Pétur Ragnhildarson og Ásta Guðrún Guðmundsdóttir. Auk þess voru frá Glerárkirkju prestar kirkjunnar, þeir sr. Gunnlaugur Garðarsson og sr. Stefánía Steinsdóttir og djákni Glerárkirkju Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir. Mikil ánægja er með þessum námskeiðum og standa vonir til að hægt verði að bjóða fleiri söfnuðum á Eyjafjarðarsvæðinu að koma með hópa í framtíðinni.

Útleiga

Nokkur samdráttur var á milli ára í útleigu en Verkmenntaskólinn á Akureyri kom ekki með nýnema í haustferðir líkt og undanfarin ár.

Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir á starfsárinu voru að nýbyggingin var máluð að utan og var verkstjórn og vinna að langmestu leiti í höndum Guðmundar Ómars Guðmundssonar en hann gaf jafnframt alla málningu til verksins. Aðrar framkvæmdir voru minniháttar, nokkrar lagfæringar voru gerðar á útileiksvæði og lokið við að lagfæra vatnsveitu staðarins. Keyptir voru þrír nýir hjólabátar í flotann.

Gjafir og styrkir

Á liðnu starfsári munaði einna mest um gjafir frá Hollvinum Hólavats en á vormánuðum var hópurinn stofnaður á Facebook og í kjölfarið safnaði hann fyrir sumarbúðabólum handa börnum sumarsins. Alls komu inn yfir þrjú hundruð þúsund í þessari söfnun. Á haustmánuðum var annað átak og þá tókst að safna fyrir nýrri hrærivél með 15 lítra skál og verður það mikil bylting fyrir matráð. Þá var ánægjulegt að áframhald var á stuðningi Mæðrastyrksnefndar Akureyrar við börn frá efnaminni fjölskyldum en það er okkur mikilvægt að geta tryggt jöfn tækifæri allra til þátttöku í sumarbúðum. Á árinu barst líka nokkuð óvænt gjöf upp á hálfa milljón frá velunnara starfsins en allar sumarbúðir félagsins nutu góðs af styrknum og erum við afar þakklát fyrir okkar hlut.

Lokaorð

Í Spádómsbók Sakarí 4. kafla 6. versis segir:

Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir anda minn! - Segir Drottinn allsherjar.

Höfum stöðugt í huga hvert markmið okkar með starfinu á Hólavatsni er. En það er að vekja trú á Krist og kalla til þjónustu í ríki hans, efla trúarlíf og siðferðiskennd og hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð hvers einstaklings. Þess vegna biðjum við þess að andi hans leiði starfið á Hólavatsni áfram og setjum von okkar á Drottin. Hann sem er höfundur lífsins hefur falið okkur það verk að boða fagnaðarerindið og það er hvergi betra að gera það en einmitt í sumarbúðunum. Við þökkum Guði fyrir liðið starfsár og fyrir blessun hans og varðveislu.



14. Kaldársel

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 1. mars 2017 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Guðlaug Jökulsdóttir og fundarritari var Ástríður Jónsdóttir. Kjörnefnd skipaði Sólveig Reynisdóttir.

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

Arnór Heiðarsson, formaður
 Arnór Bjarki Blomsterberg, meðstjórnandi
 Ástríður Jónsdóttir, ritari
 Berglind Hönnudóttir, gjaldkeri
 Jóna Þórdís Eggertsdóttir, kynningarfulltrúi
 Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, varamaður
 Þuríður Björg Wium Árnadóttir, varamaður

Á árinu voru haldnir 6 stjórnarfundir en milli funda átti stjórnin í virkum samskiptum í gegnum facebooksíðu stjórnar.

Skoðunarmenn reikninga voru Elín Elíasdóttir og Guðmundur Jóhannsson.

Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinnti á starfsárinu eru:

Kaup á Vinasetrinu ehf: Á starfsárinu festi Kaldársel kaup á fyrirtæki sem nefnist Vinasetrið. Vinasetrið er stuðnings- og helgarheimili fyrir börn sem þurfa á stuðningsfjölskyldum að halda að mati félagsþjónustunnar og/ eða foreldra og forráðamanna. Vinasetrið er eign Kaldársels en rekstur þess og starfsemi eru sjálfstæð og með öllu ótengd hefðbundnu starfi Kaldársels. Mikil vinna fór í að í að tryggja Vinasetrinu rekstrargrundvöll og koma starfsemiinni af stað.

Utanumhald um starfsemi Vinasetursins: Mikil vinna hefur farið í að halda utan um Vinasetrið og koma starfsemi þess í gang. Ráða þurfti nýjan framkvæmdarstjóra og tryggja að allur rekstur í kringum Vinasetrið gengi upp. Ríkari krafa er á að húsin séu í lagi og mikilvægt er að brugðist sé við ábendingum þeirra um viðhald. Þetta krafðist mikillar pappírsvinnu og hefur framkvæmdarstjóri þess lyft grettistaki til þess að tryggja að vel sé staðið að öllum málum í kringum starfsemi Vinasetursins. Þá veitti Davíð Örn Sveinbjörnsson stjórninni ómetanlega aðstoð við gerð samninga og kaup á Vinasetrinu.

Flokkar sumarsins 2017:

Flokkur	Dags.	Aldur	Fjöldi í flokk	Fjöldi 2016
1. Leikjanámskeið - bæði kyn	12. júní – 16. júní	6-9 ára	40	15 (strákaflokkur)
2. Leikjanámskeið - bæði kyn	19. júní – 23. júní	6-9 ára	40	13 (stelpuflokkur)
3. Dvalarflokkur - bæði kyn	26. júní – 30. júní	8-11 ára	41	40 (leikjanámsk.)
4. Leikjanámskeið - bæði kyn	3. júlí – 7. júlí	6-9 ára	40	41
5. Leikjanámskeið - bæði kyn	10. júlí – 14. júlí	6-9 ára	40	32
6. Stelpur í stuði	8. ágúst – 11. ágúst	10-12 ára	12	10
7. Leikjanámskeið - bæði kyn	14. ágúst – 18. ágúst	6-9 ára	40	- (nýr flokkur)

Undirbúningur sumarstarfs: Með kaupum á Vínasetrinu eignaðist Kaldársel mikið magn af leikföngum, bókum, húsgögnum og tækjabúnaði og þurfti að endurskipuleggja alla herbergisskipan í húsunum. Einnig þurfti að endurskipuleggja í geymslum til að koma öllu fyrir. Komu krakkar frá KSÍ, Kristilegu stúdentafélagi, og unnu heilan dag fyrir Kaldársel við að endurskipuleggja staðin. Einnig komu stórir hópar frá Íslandsbanka sem þrifu húsinn hátt og lágt, skiptu um brotnar rúður, settu upp kojur, fóru í gegnum geymslur og hentu miklu af gömlu dóti. Óhætt er að segja að hefðu þessir hópar ekki komið og unnið þessi verkefni hefði sumarstarfið verið í hættu. Eru þeim færðar miklar þakkar fyrir sín verk og veri þau ávallt velkomin til frekari verkefna.

Hefðbundinn undirbúningur átti sér stað að venju, ráðning starfsfólks, undirbúningur dagskrár, vikuleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ: Líkt og undanfarin ár greiddi Hafnarfjarðarbær þrjá starfsmenn í sex vikur í sumarstarfi Kaldársels. Erfiðlega gekk að fá þennan styrk í upphafi þrátt fyrir gott samstarf undanfarin ár en hann fékkst þó að lokum. Haldinn var fundur í janúar 2018 með Geir Bjarnasyni, æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, þar sem samstarfið milli Kaldársels og Hafnarfjarðar var fært í fastari skorður. Mikill velvilji er hjá honum til að halda þessu samstarfi áfram og vænta má að auðsótt verði að fá styrk fyrir starfsmönnum frá Hafnarfjarðarbæ á næstu árum.



Á starfsárinu festi Kaldársel kaup á fyrirtæki sem nefnist Vínasetrið. Vínasetrið er stuðnings- og helgarheimili fyrir börn sem þurfa á stuðningsfjölskyldum að halda að mati félagsþjónustunnar eða foreldra og forráðamanna. Við undirritun samningsins: Arnór Heiðarsson formaður Kaldársels, Hildur Björk Hörpudóttir og Silja Huld Árnadóttir. Í fangi Arnórs situr dóttir hans Ársól.

Samskipti við starfsmenn: Stjórn Kaldársels tók alla starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið var sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útvíst, eftirlit og hlutverk foringja. Haldin var uppskeruhátið eftir sumarið þar sem starfsfólki var boðið í mat og leiki og auk þess sem starfsfólki var gefið tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar fyrir starfið í Kaldárseli. Er það mat stjórnar Kaldársels að öflugur starfsmannakjarni sé að myndast sem við erum gríðarlega þakklát fyrir.

Samskipti við brunaeftirlit: Brunaeftirlitið þurfti að gera úttekt að nýju á staðnum vegna Vínasetursins. Komu athugasemdir sem brugðist var við eins fljótt og auðið var.

Starfsemi – sumarstarf

Samtals voru 253 þátttakendur í sumarstarfinu árið 2017 sem er 97,3% nýting á þeim plássum sem í boði eru. Það er 67,5% aukning frá því árið 2016 en þá hafði þátttaka aukist um 88% frá því ári áður.

Þær breytingar voru gerðar á flokkaskránni milli ára að dvalarflokkar voru sameinaðir í einn flokk fyrir bæði kyn og tveimur leikjanámskeiðum bætt við. Starfstímabilið var því sjö flokkar í stað sex flokka árið áður.

Starfsmenn

Starfsmenn sumarsins voru: Arnór Heiðarsson, Áslaug Dóra Einarsdóttir, Ásta Eyrún Andrésdóttir, Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, Bjarkey Heiðarsdóttir (Innkaup), Brynja Björk Guðmundsdóttir, Brynja Eiríksdóttir, Elísabet Bjarnadóttir, Erin McHale, Eva Kristín Sigurðardóttir, Fannar Máni Fjalarsson, Gísli Davíð Karlsson, Guðni Natan Gunnarsson, Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir, Guðrún Unnarsdóttir, Harpa Dögg Fríðudóttir, Helgi Berg Halldórsson (Innkaup), Hrafnhildur Emma Björnsdóttir, Huguhrn Helgadóttir, Ísak Henningsson, Jessica Leigh Andrésdóttir, Karen Hjartardóttir, Sara Líf Sylvíudóttir, Sigríður Stella Gunnarsdóttir, Steinunn Anna Radha, Sveinn Elliði Björnsson, Viktoría Ásgeirsdóttir, Þórunn Arnardóttir, Púriður Björg Wium Árnadóttir og Púriður Hearn.

Sjálfboðaliðar: Birta María Haraldsdóttir, Ólöf Lena Árnadóttir, Sveinn Elliði Björnsson

Annað

Þátttaka í starfi Kaldársels sumarið 2017 var sú mesta í áráðir og má það ekki síst þakka frábæru starfsfólki í ár og síðustu ár. Við erum þakklát fyrir að eiga gott og öflugt fólk sem er tilbúið að starfa fyrir Kaldársel.



Flokkaskrá sumarsins var breytt en dvalarflokkar drengja og stúlkna voru sameinaðir í einn dvalarflokk fyrir öll kyn og tveimur leikjanámskeiðum bætt við.

Dvalarflokkurinn Stelpur í stuði var haldinn í síðasta sinn í Kaldárseli. Í hann komu 12 hressar stelpur með ADHD eða skyldar raskanir og nutu dvalarinnar í Kaldárseli. Sumarbúðir KFUK í Vindáshlíð munu taka við verkefninu Stelpur í stuði árið 2018.

Sérstakar þakkir fær Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Kaldæingur og höfundur Íslensku litabókarinnar, en annað árið í röð fengu þátttakendur í sumarstarfinu að gjöf Litabók Kaldársels sem hönnuð er af Guðrínu.

Sérstakar þakkir fær einnig Davíð Örn Sveinbjörnsson, lögfræðingur fyrir aðstoð sína og vinnu í tengslum við kaup á Vínasetrinu.

Velferðarsjóður barna og Lýðheilsusjóður styrktu flokkinn Stelpur í stuði og kunnum við bestu þakki fyrir þann styrk.

Félagsfólki Kristilega Stúdentafélagsins (KSF) þökkum við fyrir aðstoð við að flokka og skipuleggja staðinn eftir kaup á Vínasetrinu.

Starfsfólk greiningardeildar Íslandsbanka fær miklar þakki fyrir aðstoð sína við undirbúning á sumarstarfi. Þar komu 30 manns sem eyddu heilum vinnudegi í að vinna í sjálfböðavinnu fyrir Kaldársel. Þessi aðstoð reyndist nauðsynleg og ómetanleg fyrir sumarstarfið og Guðs blessun að þau hafi komið á þennan stað á þessum tíma.

Í vor barst Kaldárseli gjöf upp á 500.000 krónur til leiktækjakaupa fyrir Kaldársel. Gefandi vildi ekki láta nafn síns getið en stjórn þakkar innilega fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Viðburðir

Þann 14. maí fór fram Vorhátíð Kaldársels. Yfir 100 manns fögnuðu með okkur upphafi sumarstarfsins. Skipulagning var í höndum stjórnarfólks og tóku makar þeirra virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd.

Í maí fór stjórn fyrir kynningarátaki fyrir Kaldársel í Hafnarfirði og á Álftanesi. Sérstakur bæklingur var gerður fyrir 6–9 ára börn og gekk stjórnarfólk með bæklinginn í hús að hluta.



Þann 13. október fór fram starfsmannahátíð Kaldársels. Hátíðin var haldin í Kaldárseli til að þakka starfsmönnum sérstaklega fyrir frábært sumar. Skipulagning og umsjón var í höndum stjórnar.

Framkvæmdir og starfaðstaða

Vegna bilunar í ofnakerfi staðarins þurfti að fara í viðgerðir á því á árinu. Fyrirtækið Lagnir og þjónusta unnu verkið og hefur rafmangskostnaður lækkað töluvert eftir þessar framkvæmdir.

Einn vinnuflokkur var haldinn fyrir sumarið 2017 þar sem krakkar frá KSF komu og aðstoðuðu við undirbúning. Einnig komu starfsmenn frá greiningardeild Íslandsbanka og tóku þátt í undirbúningi fyrir sumarstarf.

Herbergisskipan var breytt í húsinu og var kojum í tveimur herbergjum fækkað úr 10 í 6 og herbergjum fyrir börn fjölgað. Vegna þessa þá versnaði áður slæm starfsaðstaða fyrir starfsfólk og ljóst að leita þarf leiða til að bæta þá aðstöðu eins og kostur er.

Við tilkomu Vínasetursins batnaði leiktækjakostur barna til muna innanhúss. Hins vegar er ljóst að bæta þarf leiktækjakostinn á lóð Kaldársels, á árinu fékkst styrkur upp á 500.000 krónur sem notast á til að uppfæra leiktækjakost utanhúss. Er sú vinna hafin og verður hún vonandi að einhverju leyti í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ.

Lokaorð

Eins og skýrsla þessi ber með sér var starfsárið 2017–2018 bæði ánægjulegt og viðburðaríkt. Hæst ber hin mikla aukning þátttakenda í sumarstarfinu þar sem nýting staðarins var 97,3% sumarið 2017. Kaup Kaldársels á Vínasetrinu settu einnig mark sitt á starf stjórnar og hefur verið ánægjulegt að sjá þá starfsemi fara almennilega af stað. Samstarf stjórnar Kaldársels við Hafnarfjarðarbæ var talsvert á árinu og ánægjulegt að sjá það komast í fastari skorður. Þá voru ýmsar framkvæmdir gerðar á staðnum og við horfum vonaraugum fram á að geta haldið áfram að bæta og þróa bæði staðinn og starfsemina í Kaldárseli á næsta ári.

Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfböðaliðum, velunnurum og gestum.

15. KFUM og KFUK á Akureyri

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri var haldinn 6. mars 2017 í félagsheimili KFUK og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Fundarstjóri var Bjarni Guðleifsson og fundarritari Hanna Pórey Guðmundsdóttir.

Í stjórn KFUM og K á Akureyri sátu þetta starfsár:

Katrín Harðardóttir, formaður, Ragnheiður Harpa Arnardóttir, gjaldkeri og Eydis Ösp Eypórsdóttir, ritari.

Varamenn voru Valborg Rut Geirsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, skoðunarmenn reikningar voru Gísli Örn Bjarnhéðinsson og Þorsteinn Arnórsson.

Þegar leið að hausti var Eydis Ösp Eypórsdóttir ráðin sem svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á Norðurlandi, þegar Jóhann Þorsteinsson lét af störfum. Tók þá Guðlaugur Sveinn Hrafnsson við stöðu gjaldkera og Ragnheiður Harpa varð ritari.

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á starfsárinu, allir í fundaraðstöðu KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Eydis Ösp Eypórsdóttir, svæðisfulltrúi, sat 1 fund sem stjórnarmeðlimur en 5 fundi sem starfsmaður. Jóhann Þorsteinsson, fráfarandi starfsmaður, sat tvo fundi og var stjórninni og nýjum starfsmanni innan handar með ýmislegt, þótt hann hefði látið formlega af störfum. Á milli funda voru ýmis mál rædd og leyst með tölvupóstssamskiptum.

Helstu verkefni stjórnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu, fyrir utan hefðbundin stjórnarstörf, hafa líkt og undanfarin ár tengst barna- og unglingastarfi félagsins en markmiðið var að styðja við fundi yngrideildar að jafnaði einu sinni í mánuði. Á þessum fundum hefur gjarnan verið boðið upp á einhvers konar föndur eða bakstur.

Stefna félagsins var kynnt á aðalfundi 2017 og inniheldur framtíðarsýn til 10 ára, markmið til 3ja ára og aðgerðalista fyrir árið 2017–2018. Meirihluti atriða aðgerðalistans náðust eða þokuðust á leið á árinu. Þar má nefna traust samstarf við þjóðkirkjusöfnuði í nágrenninu, jól í

skókassa, góða leiðtogafræðslu, eina fjölskyldusamveru á starfsönn, hækkun á útleiguverði salar og fastar leigutekjur af hluta húsnæðisins, en svo ánægjulega hefur æxlast að embætti héraðsprests hefur leigt aðstöðu frá því í apríl 2017. Bænaundir yfir veturinn eru ekki orðnar vikulegar, eins og stefnt var að, en eru þó orðnar hálfsmánaðarlega, sem er tvöföldun frá því sem áður var. Hins vegar náðist ekki langt varðandi áætlanir um að efla innra starf meðal fullorðinna félagsmanna og bjóða til opinna fræðslufunda og/ eða námskeiða um kristna trú til að ná út til fleira fólks, þótt haldinn hafi verið einn fræðslufundur. Slík verkefni bíða því nýs starfsárs, ásamt fleiru.

Starfsemi og viðburðir

Undir lok vetrarstarfsins 2017 var haldin hæfileikasýning yngri deilda, undir stjórn Jóhanns Þorsteinssonar og tókst hún með miklum ágætum. Stefnt er að slíkum viðburði aftur nú undir lok vorannar. Barna- og unglingastarfið í vetur hefur verið með sama sniði og síðustu ár, það er einu sinni í viku fyrir hverja deild í 10 til 11 vikur yfir misseri, nema deildirnar á Dalvík og Ólafsfirði sem hafa verið í 8 vikur á misseri.

Deildastarf

Í vetur hafa eftirfarandi deildir verið starfræktar á Norðurlandi:

- Leikjafjör KFUM – skráðir voru 31, en meðaltalsmæting um 12 drengir. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Þóra Kolbrún Jóhannsdóttir, Eva Líney Reykdal og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.
- Leikjafjör KFUK – skráðar 78, en meðaltalsmæting um 27 stúlur. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Þóra Kolbrún Jóhannsdóttir, Eva Líney Reykdal, Aldís Lilja Sigurðardóttir og Bára Dís Sigmarsdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Dalvík – skráð 28 börn en meðaltalsmæting um 17. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Bára Dís Sigmarsdóttir (haustmisseri) og Aldís Lilja Sigurðardóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Ólafsfirði – skráð 14 börn en meðaltalsmæting um 7. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Sigríður Munda Jónsdóttir, Bára Dís Sigmarsdóttir (haustmisseri) og Aldís Þóra Sigurðardóttir.
- Unglingadeild í samstarfi við Glerárkirkju, UD-Glerá – skráðir voru 24, en meðaltalsmæting á fund var um 8 unglingar. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Bára Dís Sigmarsdóttir (haustmisseri).
- Klúbburinn, sem er deild framhaldsskólanema, hefur ekki verið starfandi í vetur, en nú hafa nokkrir unglingar ákveðið að blása lífi í glæðurnar og skipulagt starf fram á vor.



Viðburðir

Fullorðinsstarf: Nokkrar samkomur voru haldnar á árinu, m.a. í samstarfi við kristniboðsfélagið. Aðventusamvera fjölskyldunnar var á fyrsta sunnudegi í aðventu og tókst hún með eindæmum vel. Hana sóttu rúmlega tuttugu manns og tóku krakkarnir úr deildastarfinu það að sér að vera með helgileik fyrir gestina.

Stjórnin sá um að skipuleggja bænastundir sem hafa verið aðra hverja viku yfir veturinn, en einnig var haldið fræðslukvöld, sem Jóhann Þorsteinsson sá um.

Á starfsárinu tóku ungleiðtogar 15 – 17 ára þátt í tveimur helgarleiðtoganámskeiðum. Það fyrra var haldið í september í Ölveri en það seinna í janúar í Vatnaskógi. Öllum leiðtogum 18 ára og eldri var einnig boðið sækja þessi námskeið. Það fyrra var viðburðarstjórnunarnámskeið en það seinna var um hópstjórnann.

Jólasamvera leiðtogganna var haldin hátíðleg í desember og var ágætlega mætt. Snæddum við saman hefðbundinn jólamat og áttum saman góða stund.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Skipt var um parket á setustofu félagsheimilisins í ágúst 2017 vegna vatnsleka sem olli skemmdum.

Nokkuð var um útleigu á salnum, einna helst fyrir fermingar- og útskriftarveislur, auk þess sem hópur kvenna frá Dalvík hefur fengið að nota salinn fyrir kaffispjall einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Gjafir og styrkir:

Hjónin Guðmundur Ómar Guðmundsson og Anna Ingólfssdóttir hafa haldið áfram ljúfri þjónustu sinni og gefið félaginu vinnu sína við að þrífa húsnæðið í Sunnuhlíð allt starfsárið.

Sótt var um styrk úr Samfélagsstyrk Norðurorku og var félaginu úthlutað hundrað og fimmtíu þúsund krónum, sem verður varið til að uppfæra félagsaðstöðuna að kröfum nútímans með því að kaupa inn ný spil, leiktæki o.fl.

Þriggja ára samningur (2014–2017) við Akureyrarbæ fól í sér að bærinn myndi styrkja starfið um 1 milljón árlega.

Lokaorð

Eins og skýrsla þessi ber með sér var starfsárið um margt gjöfult og bænasvör mörg, ekki síst hvað varðar góða aðsókn í yngrideildastarfið, að fá góðan leigjanda í húsið og að njóta þjónustu frábærra starfsmanna allt árið, en slíkt er ekki sjálfgefið þegar mannaskipti verða.

Stjórnin vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem lagt hafa starfinu lið og lítur björtum augum til næsta starfsárs:

„Því ég þekki sjálfur þær fyrirtælanir sem ég hef í hyggju með yður, segir Drottinn, fyrirtælanir til heilla en ekki óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð.“ (Jer. 29:11)



16. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 16. mars kl. 12:00 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sóttu 7 manns. Fundarstjóri var sr. Guðmundur Örn og Bára Viðarsdóttir ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Bára Viðarsdóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Helgi Bragason, meðstjórnandi
Sigurjón Ingvarsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt fjóra stjórnarfundir á starfsárinu, alla í safnaðarheimili Landakirkju. Stjórnin hittist við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.

Helstu verkefni stjórnar

Líkt og undanfarin ár hefur húsnæði félagsins við Vestmannabraut verið aðal viðfangsefni stjórnarinnar, viðhald þess og nýting. Stjórn félagsins kom einnig að norrænu móti félaganna sem haldið var í eyjum sumarið 2017. Þá hefur stjórnin veitt meðlimum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum styrki til þátttöku í ýmsum viðburðum sem félagið hefur tekið þátt í.

Starfsemi og viðburðir

Deildastarf

Opin hús í KFUM og KFUK húsinu við Vestmannabraut. Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingsdeild fyrir 8. 9. og 10. bekk. Líkt og undanfarin ár var deildin með opið hús á fimmtudagskvöldum í húsnæði félagsins við Vestmannabraut. Það sóttu um 12-15 unglingar að jafnaði í hverri viku.

Leiðtogarnir Ásgeir Þór Þorvaldsson og Bára Viðarsdóttir héldu utan um starfið á starfsárinu með aðstoð Gísla Stefánssonar æskulýðsfulltrúa og eiga heiður skilið fyrir það. Spilaaðstaða og rabbabari í sjómannastofu KFUM og KFUK hússins hefur verið viðhaldið og þar hefur myndast góður hópur ungmenna sem sækir einnig æskulýðsfundi í Landakirkju á sunnudagskvöldum.

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju og að jafnaði sækja um 30 þá fundi. Krakkar úr 9. og 10. bekk eru máttarstólpar starfsins. Flest þeirra hafa tekið þátt í leiðtogaþjálfun í Landakirkju og hjá KFUM og KFUK á Íslandi.

Viðburðir

Friðríksmótið í Vatnaskógi

18 þátttakendur og 4 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum fóru á Friðríksmótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 17. – 19. febrúar. Mótið stóð vel undir væntingum



enda skipulagt af miklu fagfólki KFUM og KFUK. Frábær dagskrá og tónlist og ný vinabönd mynduðust öllum til heilla. Eyjepeyjar og þæjur fóru sátt heim eftir mót.

Vorhátíð Landakirkju

Árleg vorhátíð Landakirkju haldin sunnudaginn 7. maí 2017, en hátíðin markar endalok barnastarfsins í Landakirkju þann veturinn og komu vors og hlýrri vinda. Leiðtogar Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum sáu um leiki og skemmtun eftir helgistund á meðan að sóknarnefnd grillaði pylsur fyrir kirkjugesti.

Norrænt mót KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Norrænt mót var haldið í Vestmannaeyjum 13.–18. júlí. Þátttakendur voru um 140 talsins og komu frá Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og Íslandi. Um er að ræða samstarfsverkefni félagana á norðurlöndum. Mótið gekk að með afbrigðum vel, þátttakendur voru ánægðir með mótstaðinn sem að okkar mati er að sjálfsögðu sá fallegasti og besti á landinu. Fræðsla, helgistundir, leikir og góður matur einkenndi mótið. Ekki skemmdi fyrir að fara í fjallgöngu upp á 45 ára gamalt eldfjall, þrautir í Herjólfssdal, golf, fiskveiði og málmleik allt sama daginn. Stór hópur gekk einnig á Heimaklett í björt og fallegu veðri og gengu svo niður í sudda og þoku og þótti flestum það mikið ævintýri.

Þátttakendur á norrænu móti til Kaupmannahafnar

Flestir þátttakendur frá Eyjum á norrænu móti fóru að því loknu í skemmti- og fræðsluferð til Kaupmannahafnar. Gengið var um borg og bý, kristin kennileiti heimsótt, farið í bátsferð, dýragarðinn og að sjálfsögðu í Tívoli.

Landsmót á Selfossi

Á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum fóru 22 þátttakendur og 5 leiðtogar á Selfoss á Landsmót ÆSKP. Mótið fór vel fram eins og vant er og voru eyjapeyjar og þæjur ánægð með góða dagskrá og skemmtun.

Framkvæmdir og starfaðstaða

KFUM og KFUK húsið við Vestmannabraut

Salur, gangur og eldhús KFUM og KFUK hússins við Vestmannabraut er leigt út til Myndlistarfélags Vestmannaeyja líkt og undanfarin ár. Myndlistarfélagið hefur haldið mjög vel utan um húsið og hefur sinnt ýmsu viðhaldi.

Íbúð á efri hæð er í útleigu líkt og hún hefur verið um langtíma.

Lokaorð

Árið 2017 var kraftmikið hjá Æskulýðsfélagi Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum eins og vant er. Á starfsárinu voru stóru verkefni þátttaka og umsjón æskulýðsmóta, sem mörg hver eru árleg. Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum vill koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu lið. Ber þar helst að nefna neðangreinda sjálfbóðaliða sem eiga mikla og óeigingjarna vinnu að baki til stuðnings félaginu:

Alma Lís Hafþórsdóttir, Arna Dís Halldórsdóttir, Ásgeir Þór Þorvaldsson, Bára Viðarsdóttir, Dána Hallgrímsdóttir, Erlingur Orri Hafsteinsson, Gabríel Guðmundsson, Guðmundur Örn Jónsson, Helgi Bragason, Inga Birna Sigursteinsdóttir, Ísabella Ýr Héðinsdóttir, Ísak Máni Jarlsson, Rósa Kristín Friðriksdóttir, Sandra Dögg Valgeirsdóttir, Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Sigurlás Máni Hafsteinsson, Sigurlaug Sigmarsdóttir, Snorri Rúnarsson, Trausti Mar Sigurðarson og Veigar Máni Vattnes Sævarsson.

17. KFUM og KFUK á Suðurnesjum

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 28. febrúar 2017.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – ritari
Blær Elíasson – varamaður
Erla Guðmundsdóttir – varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson

Stjórnarstörf

Stjórnin hélt 6 fundi á árinu og voru verkefni hennar margvísleg. Fólust þau í almennri umsjón með deildarstarfi á Suðurnesjum, en starfsstöðvarnar eru 3 talsins: fjórar deildir í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, ein deild í safnaðarheimili kirkjunnar í Innri-Njarðvík í samstarfi við Njarðvíkursókn og þrjár deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til að leiða starfið í Reykjanesbæ og

gekk það mjög vel. Haldin voru fjögur leikjanámskeið sumarið 2017. Einnig bar stjórnin ábyrgð á umsjón og viðhaldi félagsheimilisins að Hátúni 36 í Reykjanesbæ.

Leiðtogar

Leiðtogar og ungleiðtogar starfsins úr Reykjanesbæ og Grindavík voru 49 talsins.

Starfsemi starfsstöðvar

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2017 voru 216 talsins sem er töluverð fækkun frá fyrra ári.

Deildarstarfið

Deildarstarfið gekk mjög vel og ánægjulegt hversu margir leiðtogar, börn og unglingar hafa áhuga á starfinu. Dagskrá fundanna var fjölbreytt og vel hugað að hvað hentar hverju aldurshópi. Til að hafa gott upplýsingastreymi voru fésbókarsíður notaðar, bæði milli leiðtoga í deildum og einnig fyrir unglinga í starfinu. Auk þess voru reglulega settar inn fréttir og myndir af starfinu á fésbókarsíðu sem foreldrar og velunnarar starfsins á Suðurnesjum hafa aðgang að. Sú síða hefur vakið góða eftirtekt og ánægju hér á svæðinu.

Æskulýðsfulltrúi

Sú breyting varð í vetur að Unnur Ýr Kristinsdóttir æskulýðsfulltrúi fór í ársleyfi og við starfinu tók Óskar Birgisson. Hans hlutverk hefur falist í að sjá um deildarstarfið í Grindavík og sjá um upplýsingarflæði milli þjónustumiðstöðvar og starfsins á Suðurnesjum. Einnig hefur hann komið að undirbúningi viðburða yngri deilda.

Leiðtogafræðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum hafa sótt leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem m.a. er haldin í sumarbúðum KFUM og KFUK tvisvar á ári. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi. Við hvetjum alla ungleiðtoga okkar til þess að taka þátt í leiðtogaþjálfuninni.

Leikjanámskeið

Fjögur leikjanámskeið voru í júní 2017. Forstöðukona var Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir og Ísak Henningsson starfaði einnig mestan hluta námskeiða. Auk þeirra unnu á námskeiðunum 6 unglingar, Birta Rún Benediktsdóttir, Einar Sæþór Ólason, Eliza Liv Taylor, Eva María Thorarensen, Ólafur Þór Gunnarsson, Ragnar Snær Sigurðsson og Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir. Þátttakendur á námskeiðunum voru 90. Leikjanámskeiðin gengu vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn. Almenn ánægja er meðal foreldra með námskeiðin og mörg barnanna komu á tvö eða fleiri námskeið.

Önnur starfsemi

Keflavíkurkirkja notaði húsið talsvert fyrir fermingarfræðslu sem tekist hefur mjög vel undanfarin ár og eru bæði prestar og unglingar ánægðir með aðstöðuna. Eins og undanfarin ár hefur húsið verið lánað fyrir ýmsar veislur og einnig hafði þrjónahópur afnot af húsinu aðra hverja viku veturinn 2017-2018.



Ýmsir viðburðir

Í apríl var haldið í Vatnaskógi í vorferð yngri deilda KFUM og KFUK. Stór hópur barna úr deildunum í Keflavík, Innri-Njarðvík og Grindavík fór í ferðina sem gekk mjög vel.

Leiðtogum í KFUM og KFUK í Reykjaneshöfn var boðið í óvissuferð í maí sem þakklætisvott fyrir dýrmætt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Haldið var til Reykjavíkur þar sem hópurinn skemmti sér dagspart og borðaði saman.

Í ágúst fóru tíu ungmenni í ungmennaskiptaverkefni til Þýskalands þar sem hópur ungmenna frá þremur löndum, Þýskalandi, Íslandi og Slóvakíu hittust. Ferðin var í tíu daga og snerist verkefnið aðallega um þátttöku ungmenna í lýðræðslegu samfélagi. Gist var á tveimur stöðum, fyrstu dagana var gist í Georgenhof og síðustu dagana voru þau í Konstanz. Ferðin gekk vel og stefnt er að því að þessi ungmenni hittist í Slóvakíu árið 2019 og á Íslandi 2020. Eva Björk Valdimarsdóttir og Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir voru farastjórar hópsins.

Haustið 2017 fór vel af stað. Þátttakendur úr yngri deildum í Keflavík, Innri-Njarðvík og Grindavík skelltu sér í nóvember á hæfileikasýningu í Keflavíkurkirkju sem tókst mjög vel. Þátttakendur sýndu nokkur glæsileg atriði sem vöktu mikla ánægju áhorfenda. Var þetta í fyrsta skiptið sem hæfileikasýningin var haldin í Reykjaneshöfn og möguleiki er á að halda hana í Keflavíkurkirkju aftur að ári liðnu.

UD-Keflavík og UD-Grindavík fóru á miðnætúríþróttarmót í Vatnaskógi sem einnig var haldið í nóvember. Þar komu saman fjölmargir unglingar og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá.

Í janúar ár hvert er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í máltíð og huggulega kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið um haustið. Leiðtogar undir 20 ára fá jólagjöf sem þakklætisvott fyrir sín góðu störf.

Karníval yngri deilda var haldið á Holtavegi í Reykjavík í febrúar þetta árið. Fjölmennur hópur þátttakenda frá Suðurnesjum tók þátt og skemmti sér mjög vel.

Nýja árið fór vel af stað en í febrúar fóru unglingadeildirnar í Keflavík og Grindavík á Æskulýðsmótið Friðrik í Vatnaskógi. Unglingarnir skemmtu sér konunglega en vegna veðurs voru þátttakendur veðurteppir í Skóginum eina nótt til viðbótar, unglingunum til mikillar gleði. Heimferðin á mánudeginum gekk eins og í sögu.

Gjafir og styrkir

Stærstur hluti tekna KFUM og KFUK á Suðurnesjum kemur frá Reykjaneshöfn samkvæmt samstarfssamningi við bæinn og einnig frá Keflavíkursókn. Einnig koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Þá er ótalin hinn mikli styrkur sem felst í starfi sjálfbóðaliða sem koma að starfinu.

Viðhald félagsheimilis að Hátúni 36

Síðustu ár hafa verið mikilar framkvæmdir í sal félagsheimilis að Hátúni 36 en árið 2017 voru þær engar. Nú stefnir félagið að því að taka innri salinn í gegn á sumarið 2018.

Framtíðarsýn

Vinna við framtíðarsýn KFUM og KFUK í Reykjaneshöfn og ýmis verkefni samhlíða henni í gangi. Endurnýjun á húsbúnaði er í vinnslu og eigum



við senn von á nýjum stólum og borðum. Unglingadeild hefur verið stofnuð á Akranesi og hafa umræður verið um að mynda tengsl við unglingadeildirnar í Reykjaneshöfn og Grindavík. Er von okkar að þau samskipti hefjist næsta haust. Samskiptasiða okkar á fésbókinni vekur mikla eftirtekt og er mjög góð leið til að auglýsa starfið okkar hér á Suðurnesjum. Til að auglýsa okkur enn betur höfum við komið að máli við Menningarfulltrúa Reykjaneshöfnar að taka þátt í Barnahátíð Reykjaneshöfnar sem er í maí ár hvert.

Lokaorð

Það eru forréttindi að starfa fyrir okkar kæra félag KFUM og KFUK. Starfsárið hefur verið viðburðaríkt og mörg áhugaverð verkefni og viðburðir hafa gefið starfinu gildi. Styrkur okkar er öflugur og áhugasamur leiðtogahópur með hæfileikaríka einstaklinga innanborðs. Við höfum verið svo heppin að eiga marga góða að sem leggja starfinu okkar lið og má þar nefna bæjarfélagið, bæjarbúa og ýmsa velunnara í gegnum árin. Við erum ekki hrædd við að takast á við ný verkefni sem eru ótal mörg og hlökkum til að halda áfram að boða Krist.

*„En ég er ætíð hjá þér, þú heldur í hægri hönd mína.
Þú munt leiða mig eftir ályktun þinni,
og síðan munt þú taka við mér í dýrð“*

Sálmur 73,23-24



18. Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var haldinn þann 8. mars 2017 á Holtavegi 28. 14 manns sóttu fundinn, Magnús Viðar Skúlason var fundarstjóri og Erna Guðmundsdóttir ritaði fundargerð. Fyrir fundinn höfðu Páll Skaftason og Edda Björk Skúladóttir verið skipað í kjörnefnd.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

Magnús Fjalar Guðmundsson, formaður
Guðmundur Karl Einarsson, ritari
Einar Helgi Ragnarsson, gjaldkeri og fulltrúi foreldra
Anna Guðný Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
Jóhanna María Friðriksdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
Fjölur Guðmundsson, varamaður
Helga Sigríður Þórsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru María Aðalsteinsdóttir og Anna Kristín Guðmundsdóttir. Skoðunarmaður reikninga til vara var Páll Skaftason.

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu. 5 voru haldnir á leikskólanum og einn á heimili formanns.

Helstu verkefni stjórnar

Á árinu vann stjórnin að frekari stækkun leikskólahúsnæðisins og fjölgun deilda. Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að Vinagarður opni ungubarnadeild við skólann ásamt því að hafa lýst sig reiðubúna til að kaupa fleiri vistunarpláss. Stjórn KFUM og KFUK hefur hins vegar ekki verið reiðubúin að ráðstafa stærri hluta lóðarinnar á Holtavegi 28 undir leikskólahúsnæði en uppi hafa verið hugmyndir um að byggja íbúðarhús á lóðinni. Nú vinnur stjórn KFUM og KFUK að því í samstarfi við Reykjavíkurborg að endurnýja lóðaleigusamning enda er í núverandi samningi gert ráð fyrir félagshúsi og frjálssíðröttavelli á lóðinni. Verið er að kanna möguleika á frekari stækkun leikskólans án þess að gengið sé á fyrirhugað byggingasvæði á lóðinni. Stjórn leikskólans er einnig að kanna möguleika á frekari stækkun leikskólans annarsstaðar á höfuðborgarsvæðinu.

Á árinu voru keyptar iPad spjaldtölvur fyrir allar deildir leikskólans. Áfram var unnið að bættri hljóðvist á leikskólanum og var sett upp hljóðdempandi loft á Uglugarði. Einnig var unnið að ýmsum öðrum framkvæmdum á árinum einkum sem snúa að öryggis- og tæknimálum.



Síðastliðið ár hefur leikskólinn boðið foreldrum og starfsfólki að kaupa tilbúna máltíðir til að taka með heim frá veitingaþjónustunni Yndisauka. Máltíðirnar eru afhentar í kæli á þriðjudögum og fimmtudögum. Að jafnaði hafa 4-6 fjölskyldur nýtt sér þjónustuna í hverri viku.

Starfsmenn leikskólans

Við leikskólann eru rúmlega 20 stöðugildi, en starfsmenn leikskólans á árinu voru María Sighvatsdóttir leikskólastjóri, María Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri og Sigrún Lilja Hjartardóttir matráður.

Deildarstjórar voru Alma Auðunardóttir sem fór í fæðingarorlof um áramótin og Sesselja Kristinsdóttir leysir hana af, Eva Dögg Sveinsdóttir sem fór í fæðingarorlof um áramótin og Ingibjörg Leifsdóttir leysir hana af, Hulda Björg Jónasdóttir og Kristbjörg Harðardóttir. Sérkennslustjóri er Ragnhildur Gunnarsdóttir.

Aðrir háskólamenntaðir starfsmenn eru Anna Jóhanna Hilmarsdóttir BA í þjóðfræði, María Sigurðardóttir BA í umhverfis- og auðlindafræði og nemi í kennslufræði við HA, Dovile Didelyte BA í ensku.

Leiðbeinendur eru Aðalheiður Sighvatsdóttir, Anna Peta Guðmundsdóttir, Grumnesh Lenchesa, Gyða Rut Arnmundsdóttir, Katarzyna Jakubowska, Sigrún Ásta Kristinsdóttir, Sólveig Lára Kristjánsdóttir, Stefania Vilborg Sigurjónsdóttir, Þóra Kristjánsdóttir og Þorbjörg Tómasdóttir.

Óvenju mikið hefur verið um veikindi í vetur sem hafa sett sitt mark á starf leikskólans. Þrír starfsmenn hafa verið í fæðingarorlofi í vetur og einn starfsmaður í veikindaleyfi. Nokkuð erfiðlega gekk að manna þessar stöður, en flestar tókst að manna að lokum sem var mikið fagnaðarefni.

Leikskólastarfið

Á Vinagarði er vinátan í viðum skilningi rauði þráðurinn í starfinu og eitt af sérkennum skólans. Markmið starfsins er að efla kristið siðgæði, virðingu og sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargleði, og eru gildi leikskólans trú, von og kærleikur.

Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Börnunum er kennt að við erum hluti af sköpunarverki Guðs og að bera skuli umhyggju fyrir náttúrunni og öllu því sem Guð hefur skapað. Einnig er lögð áhersla á að börnin beri umhyggju fyrir öðrum og þau læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfmynd.

Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði sem hafa áhrif á allt starf leikskólans hvort það sem er hópastarf, hreyfingu, málrvun,

myndsköpun o.s.frv. Síðastliðið haust unnu yngstu börnin með litina og eftir áramót munu þau vinna með líkamann. Eldri börnin fræddust og unnu með efni tengt andrúmsloftinu fyrir áramótin og söguna um „Sagan af fuglinum sem hafði of miklar áhyggjur“ eftir Meryl Doney. Kristinfræðsla skipar alltaf stóran þátt í starfinu þar sem daglega er lesið úr Barnabiblíunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Börnin á Vinagarði tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa og skiluðu börnin 90 kössum að þessu sinni.

Eftir áramótin kom Kristný, djákni í Áskirkju, til baka úr fæðingarorlofi og var mikil ánægja með það á Vinagarði enda höfðu börnin á Vinagarði saknað hennar á meðan hún var í orlofi. Hún var með fræðslustundir með sama sniði og sunnudagaskóli með börnunum og hefur þetta samstarf við sóknarkirkjuna verið skemmtilegt viðbót í starf leikskólans. Um jól og páska fara börnin á leikskólanum í heimsókn til sr. Sigurðar í Áskirkju þar sem einstaklega vel hefur verið tekið á móti hópnum.

Elstu börnin á leikskólanum fara mánaðarlega í Fríðuhús sem er dagvistarstofnun fyrir minnissjúka. Þar syngja börnin fyrir fólkið og Dadda segir öllum stutta sögu. Í lokin er svo boðið upp á hressingu og spjall. Þessar stundir hafa gefið öllum aðilum mikið og verið mjög þroskandi fyrir börnin svo ekki sé nú talað um ánægjuna sem fylgir strætóferðunum. Hinrik Valsson danskennari sá um danskennslu fyrir börnin eins og undanfarin ár sem endar á danssýningu þar sem foreldrum og forráðamönnum er boðið. Bernd Ogrodnik kom í heimsókn í nóvember og sýndi ævintýrið um Pönnukökuna hennar Grýlu og fléttar á snilldarhátt inn í frásögnina úr Biblíunni um fæðingu frelsarans.

Í vetur höfum við verið að innleiða útikennslu með 3 elstu árgöngunum og njótum við kennslu frá kennurum í Húsdýragarðinum meðal annars. Einn kennari hefur sótt nokkur námskeið í útikennslu Svipjóð og er hún hugmyndasmiðurinn að kennslunni. Mikil gleði ríkir hjá börnunum í þessum tímum í Laugardalnum.

Eins og undanfarin ár var elstu börnun leikskólans boðið á sundnámskeið síðastliðið vor. Þá ganga börnin úr leikskólanum í Laugardalslaugina og synda þar við leiðsögn sundþjálfara. Oft er sundferðunum fléttað saman við vettvangsferðir um Laugardalinn.

Samstarf er á milli elsta árgangs leikskólans og Langholtsskóla. Á degi íslenskrar tungu var börnunum boðið á samverustund í Langholtsskóla og í desember var þeim boðið á leiksyningu hjá nemendum Langholtsskóla. Í vetur hefur verið unnin undirbúningsvinna að samstarfi allra leikskólanna í hverfinu og Langholtsskóla. Um er að ræða Erasmus verkefni sem gengur út á skólabyrjunina eða skólaskilin milli leikskóla og grunnskóla og er HLJÓM-2 okkar framlag í þetta verkefni. Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Verkefnið er í samstarfi við leikskóla í Króatíu, Grikklandi, Noregi, Danmörku og Írlandi. Það er áhugavert að kynnst því hvaða áherslur eru í hverju landi og alltaf getum við lært hvert af öðru. Stefnt er á ráðstefnu í Zagreb í Króatíu 1. -5. október 2018 þar sem hvert land kynnir verkefnið sitt.

Elstu nemendunum á Vinagarði hefur einnig verið boðið einn dag í Suðurlíðaskóla og endurgjalda nemendur þar heimsóknina með því að koma í heimsókn á Vinagarð einn dag. Elstu börnin fara nokkrum sinnum yfir veturinn á Sólheimabókasafn á kynningu og sögulestur og hefur það tekist mjög vel. Elstu börnin fóru í útskriftarferð í maí, þar sem haldið var á Suðurnesin þar sem Skessuhellir í Keflavík og Hvalneskirkja voru skoðuð. Ferðin endaði í sumarbústað þar sem var leikið, grillaðar pylsur og farið í fjöruferð. Elstu börnin enda skólaárið á hátíðlegri útskriftarathöfn þar sem foreldrum er boðið að vera með.



Framkvæmdir og starfaðstaða

Á árinu voru gerðar lagfæringar á húsnæði Lambagarðs og Uglugarðs í kjölfar skýrslu Eflu um rakaskemmdir á Holtavegi 28. Þær framkvæmdir voru á vegum KFUM og KFUK á Íslandi. Árið 2016 var sett upp loft og ný lýsing á Lambagarði og bætti það hljóðvist á deildinni umtalsvert. Í júlí 2017 var farið í sömu framkvæmdir á Uglugarði, þ.e. að setja upp hljóðdempandi loft og nýja lýsingu. Einnig var skipt um gólfdukk á hluta deildarinnar.

Miklar umbætur voru gerðar á tæknimálum leikskólans á árinu. Þar sem leikskólinn stendur í skjóli hefur verið nokkuð um óæskilega umferð á nóttunni ásamt því að skemmdarverk hafa verið framin. Því var myndavélakerfi leikskólans uppfært og myndavélum fjölgað. Einnig var brunakerfi leikskólahússins endurnýjað og samtengt brunakerfi á Holtavegi 28. Jafnframt var netkerfi Holtavegs 28 stækkað og nær nú til leikskólahússins. Í framhaldi af því var sett upp nýtt símkerfi á leikskólanum þar sem símtæki er á öllum deildum auk eldhúss og skrifstofu. Geta foreldrar nú hringt beint inn á deildir leikskólans. Þá voru settir upp þráðlausir aðgangspunktar til þess að tryggja þráðlaust samand á öllum leikskólanum. Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson og Gísli Geir Harðarson voru lykilmenn í þessar stækkun net-, öryggis- og símkerfa.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag Vinagarðs hefur starfað síðan í febrúar 2001 en starfsár foreldrafélagsins er 1. október – 30. september ár hvert. Foreldrafélagið stóð fyrir nokkrum viðburðum á árinu. Fræðslukvöld var haldið á vormánuðum var það vel sótt. Tiltæktardagur var haldinn í byrjun maí þar

sem foreldrar og börn komu saman til þess að fegra umhverfið og fengu svo auðvitað grillaðar pylsur. Vorhátíð Vinagarðs var haldin skömmu síðar en þar skipulagði foreldrafélagið viðburði utandyra og stóð fyrir sælkerabasar. Jafnframt gaf foreldrafélagið leikskólanum útileikföng. Foreldrafélagið bauð börnum og foreldrum upp á rútuferð í Vatnaskóg í haust en leikskólinn greiddi fyrir leigu á staðnum og veitingar. Í nóvember komu foreldrar saman til þess að pakka inn jólagjöfum fyrir börnin en þær voru afhentar á jólaballinu. Jólaballið var haldið í byrjun desember og stóð foreldrafélagið þar fyrir basar.

Foreldrafélagið stóð fyrir hópmyndatökum á deildunum og seldi myndirnar sem fjáröflun fyrir starfinu. Einnig lét foreldrafélagið framleiða fjölnota poka sem það seldi sem fjáröflun. Foreldrafélagið hélt viðtekinni venju og gaf hverjum starfsmanni einn launaðan frídag en þá hlupu foreldrar í skarðið og unnu á leikskólanum. Óhætt er að halda því fram að samstarf við foreldra sé til fyrirmyndar á leikskólanum og koma foreldrar að starfi leikskólans á nánast öllum sviðum.

Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu er starf leikskólans yfirgripsmikið og líflegt. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera og margt spennandi framundan. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólkinu fyrir framúrskarandi störf á árinu með börnunum og fyrir að hafa skapað þeim hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.





Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti,
heldur fyrir anda minn!
-segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)